

Þróunarsaga skírnarrítúals lútherskra helgisiðabóka á Íslandi

Inngangur

Í skírinni þökkum við Guði fyrir barnið og biðjum Guð að vera nálægt því í öllu lífi þess. Barnið er blessað og tekið í samfélag kristinna og söfnuð kirkjunnar. Í skírinni sameinast viðstaddir í bæn fyrir barninu og framtíð þess. ... Skírinn er trúarathöfn þar sem beðið er fyrir barninu og fjölskyldu þess.¹

Svo² útskýrir þjóðkirkjan skírni fyrir alla þá sem lesa vefsíðu hennar. Athygli vekur að útskýringin gæti allt eins átt við um barnablessun kirkna þeirra sem ekki iðka barnaskírni. Í lútherskum játningarrítum þjóðkirkjunnar, *Fræðum Lúthers minni* og *Ágsborgarjátningunni*, er sagt að skírinn veiti Guðs náð, taki hinn skírða til náðar, valdi fyrirgefningu syndanna, frelsi frá dauðanum og djöflinum og gefi eilífa sáluhjálp öllum sem meðtaka þessar gjafir í trú.³ Munurinn á þessum tveimur útskýringum er allnokkur, svo að ekki sé meira sagt, og gefur vísbendingu um að guðfræði og ritúal skírnarinnar hafi tekið ýmsum breytingum þessar fimm aldir sem liðið hafa síðan ofanefnd rit voru gefin út.

Breytingar á skírnarrítúalinu⁴ og skírnarguðfræði frá siðbót á Íslandi er viðfangsefni þessarar greinar. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: Hvernig hefur skírnarrítúal lúthersku kirkjunnar á Íslandi, sem í dag nefnist þjóðkirkja Íslands, þróast frá siðbót til okkar daga og hvaða guðfræðistefnur liggja að baki þeirri þróun? Til þess að svara spurningunni verður gerð grein fyrir öllum þeim handbókum sem breytt hafa sögu skírnarrítúalsins á Íslandi að einhverju marki frá siðbót. Um leið verður horft til þeirra áhrifa sem guðfræðilegir hugmyndastraumar hafa haft og hvernig þau endurspeglast í breytingum á skírnarrítúalinu.

Til þess að afmarka efnið er í greininni einblínt á skírnarrítúal það sem mest hefur verið notað og almenningur þekkir best og oft er kallað barnaskírni. Þess vegna er ekki fjallað um skemmri skírni og skírni fulltíða manna og önnur þau

¹ „Skírni“, *Kirkjan.is*, ódagsett, sótt 3. desember 2024 af <https://kirkjan.is/thjonusta/athafnir/skirni/>.

² Greinin er byggð á kafla úr MA-verkefni höfundar við Guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands árið 2024. Leiðbeinandi var Arnfríður Guðmundsdóttir. Sjá: Ólafur Jón Magnússon, „Engin stórkostlegri huggun á jörðu“: Skírnarguðfræði Lúthers og lúthersk skírnarguðfræði íslenskra helgisiðabóka“, *Skemman*, ritgerð til MA-prófs í guðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild Háskóla Íslands, október 2024, sótt 15. nóvember 2024 af <https://hdl.handle.net/1946/48550>.

³ Sjá: „Ágsborgarjátningin“ eftir Filip Melankton og „Fræðin minni“ eftir Marteín Lúther, í: Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar: Saga og mótun kristinna trúarjátninga og yfirlit yfir helstu kirkjudeildir kristinnar, Játningarrít íslensku þjóðkirkjunnar með skýringum* (2. útg.), Reykjavík: Skálholt, 1991, bls. 194, 271.

⁴ Í greininni er orðið „skírnarrítúal“ nær eingöngu notað um framsetningu skírnarathafnarinnar í handbókum en stöku sinnum er því skipt úr fyrir orðið „form“. Í umfjöllun Einars Sigurbjörnssonar og Arngríms Jónssonar um skírnarathöfnina er orðið „skírnaratferli“ yfirleitt notað í stað orðsins „skírnarrítúal“. Í þessari grein er ekki farið að fordæmi þeirra því „skírnaratferli“ getur auðveldlega verið ruglað saman við „atferli (prests) við skírni“, þ.e. hegðun eða handbragð. Sjá: Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð: Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð* (2. útg.), Reykjavík: Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, 2012, bls. 277–295; Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót: Handbóke Marteíns Einarssonar 1555, handritið Ny kgl. Saml. 138 4to, Graduale 1594: Litúrgísk þróunarsaga íslenskrar helgisiðabefðar á 16. öld*, Reykjavík: Háskóli Íslands, 1992.

form skírnar sem kunna að vera til. Eru þessar athafnir þó áhugavert efni í sjálfu sér. Á Íslandi hefur barnaskírn verið langalgengasta form skírnar allt frá tímum kristnitöku.

Þrátt fyrir miðlæga stöðu skírnar í lútherskri trú og sterka stöðu skírnarsíðarins í íslensku samfélagi hefur ekki mikið verið skrifað um efnið á Íslandi, sérstaklega ekki frá sjónarhóli trúfræði og helgisiðafraði. Í prófessorstíð Sigurbjörns Einarssonar, síðar biskups, birtust tvær greinar eftir hann í *Víðförla*,⁵ tímariti því er hann gaf út og ritstýrði, og ein þýdd grein eftir nýjatestamentisfræðinginn Oscar Cullmann.⁶ Grein Cullmanns liggur á mótum ritskýringar og trúfræði en Sigurbjörn nálgast efni sitt aftur á móti á forsendum trúfræði einnar.

Fyrir á þessu ári setti Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir skírnina á dagskrá með grein sem birtist í síðasta tölublaði *Ritradarinnar*⁷ og árið 2104 skrifaði Sigríður Guðmarsdóttir grein þar sem hún nálgast skírnarsakramentið vistguðfræðilega.⁸

Eina bókin sem komið hefur út um skírn að lútherskum skilningi undanfarin hundað ár er þýdd úr norsku. Hún var gefin út árið 1930 og er höfundur hennar Ole Hallesby (1879–1961).⁹ Sex lokaverkefni í guðfræði hafa verið skrifuð sem koma inn á skírn með einhverjum hætti. Hið nýjasta er MA-verkefni greinarhöfundar.¹⁰

Við gerð ritgerðarinnar og skrif þessarar greinar, sem er byggð á hluta af ritgerðinni, voru kaflinn „Skírn“ í bók Einarssonar *Embættisgjörð* og hlutar úr doktorsritgerð Arngríms Jónssonar ómetanlegar heimildir og eru fyrirmynd að aðferðafræðilegri nálgun greinarhöfundar.¹¹

Siðbót og siðbætt skírn frá miðri sextánda öld

Áhrif siðbótar Marteins Lúthers (1483–1546) náði til Íslands fyrir tilstilli fáeinna ungra manna sem fóru utan til mennta og kynntust þar nýjum hugmyndastráum á þriðja áratug sextánda aldar. Þetta voru Oddur Gottskálksson (1495/1496–1556), Gissur Einarsson (1512–1548) og Gísli Jónsson (1515–1587). Oddur varð síðar lögmaður en Gissur og Gísli biskupar í Skálholti.¹² Heimkomnir til Íslands höfðu þeir þó afar takmarkaða aðstöðu til að breiða út siðbætt viðhorf.¹³ Þó urðu lögformleg siðaskipti á Íslandi að veruleika þegar kirkjuskipan (einnig nefnd ordínansía) Kristjáns III Danakonungs (1503–1599) var samþykkt fyrir Skálholtsstifti árið 1541 og fyrir Hólastifti árið 1551. Siðaskiptin urðu vegna ákvörðunar Kristjáns III sem beitti valdi til þess að fá vilja sinn í gegn á Íslandi. Með lögformlegum siðaskiptum urðu til forsendur fyrir siðbreyt-

⁵ Sigurbjörn Einarsson, „Skírn: Ungbarnaskírn“, *Víðförla* 1/1951: 1–16; Sigurbjörn Einarsson, „Heilög skírn“, *Víðförla* 3–4/1952: 76–90.

⁶ Oscar Cullmann, „Voru ungbörn skírd í frumkristni?“, *Víðförla* 1–2/1950: 12–25 og *Víðförla* 3–4/1950: 166–174.

⁷ Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Skírnin á breytingarskeiði: Er vendipunkti náð?“, *Ritrad Guðfræðistofnunar* 58/2024: 54–69, DOI: [10.33112/theol.58.4](https://doi.org/10.33112/theol.58.4).

⁸ Sigríður Guðmarsdóttir, „Water as Sacrament: Tillich, Gender and Liturgical Eco-Justice“, *Dialog: A Journal of Theology*, 2/2014: 110–117, sótt 15. nóvember 2024 af <https://doi.org/10.1111/dial.12100>.

⁹ Ole Hallesby, *Skírn: Barnaskírn*, þýð. Árni Jóhannsson, Reykjavík: Bókaverzlunin Emaus, 1930.

¹⁰ Ólafur Jón Magnússon, „Engin stórkostlegri huggun á jörðu“.

¹¹ Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð*, bls. 277–295; Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 281–332.

¹² *Sálmabækur 16. aldar 1*, ritstj. Bragi Halldórsson o.fl., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2023, bls. 7.

¹³ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 49–52.

ingu á Íslandi.¹⁴ Siðbreytingin stóð yfir til endaloka sextánda aldar hið minnsta en fræðimenn greinir á um hvenær tímabilinu lauk.

Loftur Guttormsson (1938–2016) hefur fullyrt að siðbreytingin hafi endað við lok sextánda aldar hvað stjórnsýslu, nýliðun og helgihald kirkjunnar varðar en að siðbreytingin meðal almennings hafi í trúarlegu og menningarlegu tilliti staðið yfir langt inn á sautjándu öld, jafnvel fram á miðja átjándu öld þegar markmið siðbótarmanna um almenna lestrarkunnáttu náðist fyrst.¹⁵ Endalok siðbreytingarinnar er því skilgreiningaratriði. Torfi K. Stefánsson Hjaltalín (f. 1953) hefur gagnrýnt „óhefðbundna“ skilgreiningu Lofts og heldur fram skilgreiningu Jóns Helgasonar biskups (1866–1942) þar sem lok siðbreytingarinnar eru spyrnt saman við nýja kirkjuskipan 1630 og endalok biskupstíðar Guðbrands Þorlákssonar Hólabiskups og Odds Einarssonar Skálholtsbiskups um sama leyti.¹⁶ Engu að síður er auðsætt að siðbótin hefur gengið hraðar fyrir sig meðal klerka og kirkju-yfirvalda en meðal almennings í landinu. Almenn fastheldni á gamla siði mun hafa ráðið því.

Fyrsta helgisíðabók íslensku kirkjunnar eftir siðaskipti var prentuð í Kaupmannahöfn árið 1555.¹⁷ Það var biskup Marteinn Einarsson (d. 1576) sem tók saman efni í handbók þessa auk efnis í sálmakver sem henni fylgdi. Hófst handbókin á formála dr. Peter Palladius (1503–1560), biskups hinnar siðbættu kirkju á Sjálandi en formáli þessi jafngilti löggildingu handbókarinnar fyrir Ísland.¹⁸ Skírnarrítúal handbókarinnar var í gildi á Íslandi, í öllum höfuðatriðum, fram til loka átjándu aldar þegar nýtt ritúal var fyrirskipað af konungi (sjá neðar). Á þessu tímabili komu út nokkrar handbækur. Þekktust er svokallaður Grallari Guðbrands Þorlákssonar Hólabiskups (1571–1627) frá árinu 1594. Ekki verður hér fjallað um aðrar handbækur tímabilsins þar sem þær innihalda skírnarrítúal Grallarans óbreytt.

Skírnarrítúalið í *ME 1555* byggist í einu og öllu á formi og textum hins endurskoðaða skírnarkvers Lúthers frá árinu 1526¹⁹ og „íslenskar“ Marteinn biskup þýska textann og lætur formála Lúthers fylgja í staðfærðri mynd.²⁰

Lúther gaf fyrst út skírnarrítúal í skírnarkveri sínu árið 1523.²¹ Helsti munurinn á því og ritúalinu sem hann þekkti best úr Ágústínusarreglunni²² var að ritúalið á þýsku. Í eftirmála útskýrir Lúther að sé skírnin höfð á móðurmáli geti

¹⁴ Sama rit, bls. 54–63.

¹⁵ Sama rit, bls. 9–11, 110.

¹⁶ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk kirkjusaga*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2012, bls. 140.

¹⁷ Marteinn Einarsson, „Ein Kristilg handbog íslenskuð af herra Marteini Einarssyni, fyrir kennimenn í Íslandi og korrigeruð af doktor Petre Palladius með þeim hætti sem hér finnst í hans formála“, *Sálmabækur 16. aldar 1*, bls. 55–178. (Hér eftir stýtt í *ME 1555*.)

¹⁸ Karl Sigurbjörnsson, „Fyrsta íslenska sálmabókin“, *Sálmabækur 16. aldar 1*, bls. 45–47, hér 45.

¹⁹ Þýskur titill hins endurskoðaða skírnarkvers Lúthers er *Das tauffbuchlin verdenscht, auffz new zu gericht*. (Hér eftir stýtt í *TB 1526*.)

²⁰ Í *ME 1555* er fyrsta dæmið á prenti um að sögnin „að íslenska“ sé notuð. Fram að þessu höfðu Íslendingar kallað mál sitt „norrænu“, sjá: Karl Sigurbjörnsson, „Fyrsta íslenska sálmabókin“, bls. 47; Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 331–332.

²¹ Þýskur titill upphaflegs skírnarkvers Lúthers er *Das tauff buchlin verdeutsch*. (Hér eftir stýtt í *TB 1523*.)

²² Arngrímur Jónsson fullyrðir að Lúther hafi þýtt skírnarrítúalið árið 1523 (*TB 1523*) eftir þýskri handbók Ágústínusarreglunnar frá 1512 sem nefnist *Agenda Communis* eða *Agenda sive Benedictionale commune agendorum cuiuslibet pastori ecclesiae necessarium*. Handbók þessi á rætur að rekja til Dóminikanareglunnar á miðri þrettándu öld. Skírnarrítúal hennar er mjög líkt og það sem finnst í *Sacramentarium Gelasium* en sú handbók er rómversk og efni hennar frá því um 500 en elsta varðveitta handrit þess er frá fyrri hluta áttundu aldar og er varðveitt í Vatíkaninu. Sjá: Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 2, 6, 286.

hún eflt trú, tilbeiðslu og þátttöku viðstaddra. Þetta sé ekki bara jákvætt heldur í raun nauðsynlegt því að skírnin sé alvörumál og mikilvægt sé að viðstaddir geti tekið þátt í bænunum fyrir barninu af heilu hjarta.²³

Skírnarrítúal Lúthers inniheldur nær alla hefðbundna liði sem þekktust í Rómarkirkjunni og byggðust á skírnarundirbúningi og skírn fullorðinna trúnema í fornkirkjunni: Upphafssæring með signingu, bæn um náð Guðs, bæn um gjafir skírnar og endurfæðingu með vísun til Matt 7.7, saltgjöf í munn, frumsamin bæn Lúthers um inngöngu í og varðveislu í samfélagi heilagra (kölluð syndaflóðsbænin), þreföld særing, bæn um réttan skilning, lestur á barnaguðspjalli Markúsar (Mrk 10:13–16), faðir vor með handayfirlagningu og knéfalli prests og guðfeðgina, opnun eyrna með munnvatni, afneitun djöfuls og athæfi hans í formi þriggja spurninga, játning trúar í formi þriggja spurninga byggðum á þrem liðum postullegu trúarjátningarinnar, smurning með olíu, spurning um vilja til skírnar (skírnarspurning), sjálf skírnin með þrenningarformála (í nafni föður, ...), signing á koll með vígðri olíu, bænarávarp, ífærsla skírnarklæðis og að síðustu afhending skírnarljóss.²⁴

Lúther felldi aðeins burt særinguna yfir saltinu, hluta af lengri særingunni og framsögn postullegu trúarjátningarinnar.²⁵ Í eftirmálanum útskýrir Lúther að mikið af því sem gert er í skírinni sé tilbúningur manna og bæti engu við hana. Hann telur upp blástur undir augu, signingu, saltgjöf, opnun eyrna með munnvatni, smurningu og signingu með olíu, skírnarklæði og skírnarljós í þessu samhengi.²⁶ Athygli vekur að hann nefnir ekki særingar.

Ýmsir stuðningsmenn síðbótarinnar voru ekki alls kostar ánægðir með hófsama endurskoðun Lúthers og kölluðu eftir róttækari breytingum og vildu m.a. fella niður særingar.²⁷ Lúther svaraði ákalli um endurskoðun árið 1526 með útgáfu endurskoðaðs skírnarrítúals. Eftirmálinn frá 1523 varð að formála í nýju útgáfunni, nema hvað ein efnisgrein var felld niður, sú síðasta, þar sem gefin var skýring á því hvers vegna Lúther haft gert svo hófsamar breytingar.²⁸

Í *TB 1526* er skírnarrítúalið stytta og einfaldað. Eftirfarandi atriði úr *TB 1523* eru felld niður: Blástur undir augu, upphafsþænin um náð Guðs, saltgjöf í munn (tilheyrandi bæn þó haldið), fyrstu tveir hlutar lengri særingarinnar, opnun eyrna með munnvatni, smurning og signing með olíu og afhending skírnarljóss. Ávarpinu samfara ífærslu skírnarklæðisins var skipt út fyrir bænarávarpið sem hafði áður staðið með signingunni með olíu, lítillaga aðlagð.²⁹ Særingar vildi

²³ Marteinn Lúther, „The Order of Baptism“, *Liturgy and Hymns*, Luther's Works 53, ritstj. Ulrich S. Leupold, Philadelphia: Fortress Press, 1965, bls. 96–103, hér 101 o.á.; Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 285.

²⁴ Marteinn Lúther, „The Order of Baptism“, bls. 96–101.

²⁵ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 281–287.

²⁶ Marteinn Lúther, „The Order of Baptism“, bls. 102.

²⁷ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 316.

²⁸ Sama rit, bls. 287, 285.

²⁹ Marteinn Lúther, „The Order of Baptism“, bls. 96–101.

Lúther ekki fjarlægja enda sá hann andsetningu í samhengi við erfðasyndina³⁰ og björgun þá sem skírinn veitti undan valdi hennar.³¹

Hið endurskoðaða skírnarritúal hlaut góðar móttökur meðal evangelískra manna og varð að ritúali margra lútherskra kirkna.³² Ritúalið tekur Marteinn Einarsson upp í handbók sína með þremur smávægilegum breytingum: Í fyrsta lagi það að signingar yfir skírnarþeganum, sem samfara voru lengri særingunni og gefnar til kynna með krossmerkjum í texta *TB 1526*, eru ekki viðhafðar í *ME 1555*. Það sést á því að engin eru krossmerkin í *ME 1555*. Sömu sögu er að segja um seinni handbækur.³³

Í öðru lagi voru leiðbeiningarorðin á undan sjálfri skírinni í nýjum búningi. Í *TB 1526* fóru eftirfarandi leiðbeiningarorð á undan vatnsathöfninni:³⁴ „Þá taki hann [presturinn] barnið og dýfi því í skírnarsáinn og segi: Og ég skíri þig í nafni föður og sonar og heilags anda“.³⁵ Marteinn Einarsson bætir við þetta: „... dýfi í skírnarsáinn eða ausi yfir það vatninu og gjöri þetta með miklum athuga, því hér út í skal leita barnsins velferðar en ekki skaða ...“.³⁶ Eru þessar viðbætur í samræmi við tilmæli í ordínansíu Kristjáns III Danakonungs.³⁷ Hún var skrifuð af Jóhannesi Bugenhagen (1485–1558), vini Lúthers og sóknarpresti í Wittenberg, og var lögtekin í danska ríkinu árið 1539 eftir að hafa fyrst verið borin undir Lúther.³⁸ Þar segir: „þó skal með skynsemd gaumgæfa hverninn að háttað sé þeirra [barnanna] styrkleik hvort þau meiga þola að klæðfléttast eður eigi því vér leitum að heilsu og velferð barnanna með skírinni enn ekki að þeirra fordjörfun.“³⁹

Leiðbeiningarorðin um háttalag prests við skírinnina sjálfa gefa til kynna að niðurdýfing hafi ekki verið iðkuð á Íslandi á þessum tíma. Sú aðferð hafði

³⁰ Í grein þessari eru hugtökin „erfðasynd“ og „medfædd synd“, og eftir samhengi „synd“, notuð jöfnum höndum um sama hlutinn. Í Ágsgarjárnningunni er hugmyndin um erfðasynd sett fram á evangelískan máta sem þó stóð í miklum samhljómi við kenningu Rómakirkjunnar. Í annarri grein Ágsgarjárnningarinnar segir: „Eftir fall Adams fæðast allir menn, sem getnir eru á eðlilegan hátt, með synd, **en það merkir án guðsotta, án guðstrausts** og með girnd. Þessi upprunasjúkdómur eða spilling er raunveruleg synd, sem dæmir seka og steypir í eilífa glötun þeim sem ekki endurfæðast fyrir skírn og heilagan anda“ [áhersla höf.]. Það voru helst feitletruðu orðin sem Rómakirkjuna greindi á um við hina evangelísku síðbótarmenn. Orðið „synd“ getur vísað til erfðasyndarinnar, þ.e. ástandsins sem manneskjan lifir í frá getnaði. Samhengi gefur til kynna hvort einnig, eða eingöngu, sé vísað til birtingarmyndar ástandsins, þ.e.a.s. syndar í hugsunum orðum og gjörðum. Í þann flokk falla „verknáðar-syndir“, „vanrækslusyndir“, „breyskleikasyndir“ og „ásetningssyndir“. Orðið „syndir“ vísar alltaf til þessara synda og eftir samhengi líka til erfðasyndarinnar. Heimildir: Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar*, bls. 171; Filippus Melankton, „Apology of the Augsburg Confession“, *The Book of Concord: The Confessions of the Evangelical Lutheran Church*, ritstj. Robert Kolb og Timothy J. Wengert, Minneapolis: Fortress Press, 2000, bls. 107–294, hér 111 o.á., nmgr. 4 og 5; Helgi Hálfðánarson, *Helgakver*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 107 o.á.

³¹ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 316.

³² Ulrich S. Leupold, „Introduction“, Marteinn Lúther, *The Order of Baptism Newly Revised*, í: *Liturgy and Hymns*, Luther's Works 53, ritstj. Ulrich S. Leupold, Philadelphia: Fortress Press, 1965, bls. 106.

³³ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 316.

³⁴ Orðið „vatnsathöfn“ er notað til skiptis við orðasambandið „skírinn sjálf“, og á við um þann þátt skírnarritúalsins þegar skírnarþeginn er ausinn vatni (dýft í skírnarlaus) og þrenningarformálinn er mæltur („... í nafni föður, ...“). Skrif Einar Sigurbjörnssonar eru fyrirmynd að þessari orðanotkun. Sjá: Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð*, bls. 283; Einar Sigurbjörnsson, *Fræðin minni ásamt þænum og öðru hagnýtu efni*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1993, bls. 36.

³⁵ Þýð. höf. Sjá: Marteinn Lúther, „The Order of Baptism“, bls. 100.

³⁶ *ME 1555*, bls. 62.

³⁷ Ordínansían er kirkjuskipan, regluverk um kirkjumál. Jóhannes Bugenhagen (1485–1558), vinur Lúthers og sóknarprestur í Wittenberg, skrifaði hana. Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 12.

³⁸ Sama rit, bls. 11.

³⁹ „Ordinanzia“, *Diplomatarium Islandicum: Íslenskt fornbréfasafn sem befir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn 10*, ritstj. Jón Þorkelsson o.fl., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1911–1921, sótt 15. nóvember 2024 af <https://bakur.is/bok/676591e5-5556-493c-83b6-f8ffce008ea4/10>, bls. 138, 193.

reyndar verið á undanhaldi á meginlandinu frá því á níundu öld. Þess í stað vann ný aðferð á, yfiraustur. Það á einnig við um Ísland og hefur hún verið hin venjulega aðferð á tímum siðbótar. Aðferðin fól í sér að ausið var yfir höfuð og bak nakins barnsins, væri það heilsuhraust.⁴⁰

Í þriðja lagi er að finna áminningu til guðfeðgina í lok skírnarrítúalsins. Áminningin kemur inn í ritúalið vegna tilmæla ordínansíunnar. Í kafla hennar sem nefnist „Af skírnarinnar embætti“⁴¹ segir m.a.:

Og þegar skírnarembættið er nú svo útendað þá skal presturinn að nýju gjöra Guðfeðginunum eina áminning eftir vanda svo þau meigi vita hvað þau eru barninu skyldug ef svo kann ske að foreldranna missi við fyrr enn það kemur til síns skilnings og aldurs að þau fræði það í barnalærdóminum ef þau eru þar svo nálæg svo það meigi með aldrinum og uppvextinum vaxa og þróast í Christí kynningu og vera hans limur svo sem það er honum innplantað í skírninni.⁴²

Í áminningu í *ME 1555* til guðfeðgina er þess vegna kveðið á um að guðfeðgin séu skyldug að kenna barninu „credo [postullegu trúarjátninguna], Pater noster [Faðir vor], barnaskírnarorð [líklega Matt 28:18–20] og rétt atferði [hegðun], kristilega siði og lærdóm“ njóti foreldranna ekki við. Almennt skulu guðfeðgin áminna foreldrana um að ala barnið upp „í guðsótta og góðum siðum.“⁴³ Áminning þessi er forn að uppruna og líklega frá dögum Árna biskups Þorlákssonar (1237–1298) og jafnvel eldri. Marteinn Einarsson stýttir hana lítið eitt og aðlagar að nýjum sið með því að *ave maria* er sleppt.⁴⁴

Handbók Marteins Einarssonar var sú eina sem prestar á Íslandi höfðu til afnota frá 1555 þar til 1594 þegar Grallarinn, messusöngbók Guðbrands Þorlákssonar, kom út. Kristnihald fékk þó fyrst um sinn eftir siðaskipti að þróast með sjálfstæðum hætti í hvoru biskupsdæmi fyrir sig.⁴⁵

Þetta sýnir sig vel í eftirfarandi dæmi: Marteinn lét prenta sálmakver samhliða handbókinni sem innihélt 35 sálma sem hann hafði þýtt á íslensku. Mun Ólafur Hjaltason Hólabiskup (d. 1569) þó líka hafa gefið út sálmabók á íslensku nokkrum árum seinna, ef til vill 1562, sem nú er glötuð. Sálmur þaðan eru líklega varðveittir í sálmabók þeirri sem Gísli Jónsson Skálholtsbiskup gaf út 1558. Sálmabækur þessar tvær voru litlar í sniðum og óvandaðar.⁴⁶ Annað dæmi er að Ólafur Hólabiskup gaf út árið 1562 handbók um kollektubænir, guðspjöll og pistla allra messudaga, nefnda Guðspjallabók⁴⁷, og voru þar allar kollektubænirnar þýddar upp á nýtt í stað þess að notast við þýðingar Marteins Einarssonar úr *ME 1555*.⁴⁸

⁴⁰ Að ausa eingöngu yfir höfuð taldist óvenjulegt væri barnið heilt heilsu. Jóhannes Bugenhagen mun hafa orðið forviða eitt sinn er hann var í Hamborg og varð vitni að því að heilbriggt barn væri aðeins ausið vatni yfir höfuðið. Það hafði hann aldrei heyrt um annars staðar. Sjá: Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 322–323.

⁴¹ Kaflinn „Af skírnarinnar embætti“ er saminn með *TB 1526* til hliðsjónar. Leiðbeiningarnar sem gefnar eru þar eru ekki grunnur að skírnarrítúali enda er þar hvorki getið um öll atriði athafnarinnar né röð atriðanna. Sama rit, bls. 12, 463, 331.

⁴² „Ordinanza“, bls. 194.

⁴³ *ME 1555*, bls. 62.

⁴⁴ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 326.

⁴⁵ Einar Sigurbjörnsson, „Grundvöllur lagður að helgihaldi“, Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 63–68, hér 65–68; Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 71–77.

⁴⁶ *Sálmabækur 16. aldar 1*, bls. 13–14.

⁴⁷ Guðspjallabók = [Ólafur Hjaltason], *Þetta er ein bók með kollektum, pistlum og guðspjölum í móðurmáli í kringum árið* [...], Breiðabólstað, 1562.

⁴⁸ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 71; Einar Sigurbjörnsson, „Grundvöllur lagður að helgihaldi“, bls. 63.

Þessi fjölbreytileiki, auk án efa ýmissa annarra þýðinga á sálmum og bænum sem gengu uppskrifaðar manna á milli, gat valdið ruglingi og sundrungu í helgi-haldinu. Það var að minnsta kosti mat kirkjuyfirvalda í Danmörku þegar leið á öldina. Árið 1585 leitaði Friðrik II Danakonungur (1534–1588) eftir því með bréfi til Gísla Jónssonar og Guðbrands Þorlákssonar að siðir yrðu samræmdir á öllu landinu.⁴⁹

Biskuparnir tveir tóku vel í bón konungs og brugðust skjótt við, hvor með sínum hætti. Gísli Jónsson útbjó tillögu að nýrri messu- og tíðasöngsbók sem innihélt handbókarefni á borð við ritningarlestra og kollektubænar hvers sunnudags og leiðbeiningu um nokkrar kirkjulegar athafnir, þar á meðal skírn. Guðbrandur Þorláksson tók aftur á móti saman og gaf út vandaða sálmabók árið 1589 með 343 sálmum til notkunar í báðum stiftum. Gísli Jónsson lést 1587 og mun það hafa haft sitt að segja um að tillaga hans varð ekki að lögtekinni handbók.⁵⁰ Sú tillaga er varðveitt í handriti í Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn undir nafninu *Ny kongelig Samling 138 4to*.⁵¹

Tillaga Gísla biskups byggist á *TB 1526* í flestum atriðum en þó notast Gísli biskup ekki við texta *ME 1555* heldur virðist þýða danska þýðingu *TB 1526* sem Peter Palladius gerði og birti í handbók sinni, *Enchiridion*, árið 1538.⁵² Orðalagi er einnig bætt við úr hinu eldra rómverska skírnarritúali sem notast hafði verið við á Íslandi og í löndum þeim sem heyrðu undir erkibiskupstólinn í Niðarósi (kallað Niðarósvenja).⁵³ Auk þess semur Gísli sjálfur og breytir eða bætir við á stöku stað eins og honum sjálfum þóknast, t.d. í skírnarbæn þeirri sem Lúther er höfundur að og kallast syndaflóðsbænin.⁵⁴

Það sem helst heyrir til nýmæla í *NKS 138* er að formáli Lúthers fer ekki fyrir ritúalinu líkt og í *ME 1555*. Auk þess setur Gísli postullegu trúarjátninguna inn á ný á sinn hefðbundna stað á eftir guðspjalli og undan Faðir vor og lætur því fordæmi *ME 1555* og Lúthers ekki binda sig að þessu leyti.⁵⁵ Þá er skírnar-spurninguna að finna í tveimur liðum. Fyrst er spurt: „Hvers beiðist þú?“ og eftir að guðfeðginin svara: „Skírnarinnar“ þá spyr prestur: „Viltu skírast?“ og guðfeðgin svara: „Já gjarna“. Í þessu tvennu fylgir Gísli hinum fyrri sið, Niðarósvenju.⁵⁶ Tvennt til viðbótar skal nefnt: Eftir bænarávarpið og á undan friðarkveðju bætir Gísli, upp á sitt eindæmi, við blessun: „Og blessan Guðs föðurs + almáttigs: og hans Sonar + Jesú Kristí: þar með Heilags Anda +. Náð komi nú

⁴⁹ Karl Sigurbjörnsson, „Guðbrandur Þorláksson og Sálmabók hans“, *Sálmabækur 16. aldar 2*, ritstj. Bragi Halldórs-son o.fl., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2023, bls. 7–16, hér 10–11.

⁵⁰ Sama rit, bls. 10–13.

⁵¹ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 332. Handritið *Ny kongelig Samling 138 4to* er hér eftir stýtt í *NKS 138*.

⁵² Peter Palladius, *Enchiridion sive Manuali vt vocant: Een Haandbog for Sogneprester til Evangeliske kircke tjeniste. Cum præfatione Doctoris Pomerani. D: M: Luth. M. D. xxxviii.*, Kaupmannahöfn: Hans Wingard, 1538; Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 332.

⁵³ Náin tengsl voru á milli íslensku kirkjunnar og Niðaróss fyrir siðbreytingu. Engin rómversk handbók er varðveitt á prenti frá Íslandi. Í Noregi eru engar slíkar handbækur varðveittar frá fimmtándu né sextándu öld en þrjú handbókarhandrit eru varðveitt frá ca. tólftu öld til þeirrar fimmtándu. Þau birta það sem kallað er Niðarósvenja (hefð) og er rómverskur bakgrunnur fyrstu íslensku handbókanna eftir siðbreytingu. Sama rit, bls. 4.

⁵⁴ Sama rit, bls. 332.

⁵⁵ Sama rit, bls. 318.

⁵⁶ Sama rit, bls. 317.

til þín og blífi með þér að eilífu amen“.⁵⁷ Hitt er það að enga áminningu til guðfeðgina er að finna í skírnarrítúali Gísla.⁵⁸

Eftir andlát Gísla Jónssonar vann Guðbrandur hörðum höndum að því að fá Odd Einarsson (1559–1630), mann hliðhollan sér, næstan á biskupsstól Skálholtsstiftis. Sú ráðagerð tókst og fékk Hólabiskup þar mikilvægan samstarfsmann í verkinu við samræma helgihaldið.⁵⁹ Um sama leyti fékk Guðbrandur tillögu Gísla sáluga í hendur og mun það hafa valdið því að hann setti gerð slíkrar bókar á dagskrá.⁶⁰

Messusöngsbók Guðbrands *Graduale*, betur þekkt sem Grallarinn, var gefin út 1594.⁶¹ Hún inniheldur efni úr tillögu Gísla Jónssonar en þó ekki þegar viðkemur skírninni.⁶² Skírnarrítúal Grallarans er sótt í *ME 1555* að mestu leyti en í því eru einnig teknir upp einstaka þættir úr handbók Frands Vormordsens (1491–1551). Hann var fyrsti lútherski biskupinn í Lundi, sem þá tilheyrði danska ríkinu. Handbók hans var gefin út árið 1539.⁶³ Í Grallaranum eru nokkur atriði þýdd úr *FV 1539* nær orðrétt og á það við um upphafsávarp og áminningu til guðfeðgina, lengri gerð annarrar spurningarinnar um trúna og öll leiðbeiningarorð til prests.⁶⁴

Leiðbeiningarorðin til prestsins sem fara á undan ritúalinu grundvallast á ordínansíunni, *FV 1539* og formála Lúthers í *TB 1526*. Þar að auki bætir Guðbrandur við nokkrum setningum úr eigin ranni. Þar segir að skíra skuli á móðurmáli og „í fontinum“. Hraust börn skulu vera nakin. Prestur skal halda á barni yfir fontinum og ausa yfir það vatni þrisvar sinnum í nafni heilagrar þrenningar. Veik börn skal afklæða niður fyrir herðar og ausið yfir höfuð þannig að vatn renni niður eftir baki. Sé kuldatíð skal vatnið hitað. Áður en skírn fer fram skal prestur spyrja hverjir foreldrar barnsins séu, hvort það sé áður skírt og hvað það heiti. Tekið er fyrir skilyrta skírn í tilvikum þar sem vafi leikur á skírn, í samræmi við ordínansíuna.⁶⁵

Presturinn skal flytja ávarp til viðstaddra um það hve mikils virði skírnin sé (upphafsávarp). Vanda skal valið á guðfeðginum og eiga þau að vera „skynsamir og frómir menn“. Hér skal tekið fram að guðfeðgin geta verið af báðum kynjum,

⁵⁷ Sama rit, bls. 325.

⁵⁸ Sama rit, bls. 328.

⁵⁹ Karl Sigurbjörnsson, „Guðbrandur Þorláksson og Sálmaabók hans“, bls. 11.

⁶⁰ Loftur Guttormsson, *Frá síðaskiptum til upphýsingar*, bls. 77.

⁶¹ Guðbrandur Þorláksson, *Graduale: Ein Almeneleg Messusöngs Bok saman teken og skrifud, til meire og samþyckelegre Einingar, i þeim Song og Ceremonium, sem j Kirkiunne skal syngiast og balldast hier i Lande Epter Ordinantiunne af H. Gudbrand Thorlaks syne : Item. Almeneleg Handbok med Collectum og Oratium sem Lesast skulu i Kirkiu Söfnudinum Aarid vm kring : I. Corint. Xiiij. Latid alla blute sidsamalega, og skickanliga fram fara ydar a mille. Item. Xj. Cap. Efsa er einbuer ydar a medal, sem þrattunar samur vill vera, Hann vite það, ad vier hofum ecke slykan Siduana, og ei heildur Gudz Söfnodur, Hólum i Hjaltadal: Hólaprent, 1594, sótt 15. nóvember 2024 af <https://baekur.is/bok/979f4501-26c9-4309-9b39-0006d4bca10f>, bókin er án blaðsíðutals, uppgefin blaðsíðutöl eru þau sem gefin eru upp á vefnum baekur.is í hornklofa. (Hér eftir stýtt í *GGP 1594*.)*

⁶² Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 18.

⁶³ Frands Vormordsen, *Een gantske nyttelig oc alle sogneprester oc predika[n]t[er] nødtortelig Ha[n]dbog om de[m] rette Euangeliske Messe oc be[n]ius ustraffelige oc ga[m]ble seduanlige Cermonier. [Elektronisk resurs] : M[et] Collecter oc Prefac[i]on[us], desligest om Born at christne : Bruder att vye : De singe oc dennem som fengslede ere at søge oc om at Jorde lig : Flitteligen afftter kongelige maistads Ordinantis indboldelse. : Colligered ordinered oc somesteds fordanskedt. Anno Domini. Mdxcccix.*, Malmö: Olaff Vlricks, 1539. (Hér eftir stýtt í *FV 1539*.)

⁶⁴ Sama rit, bls. 332.

⁶⁵ Siðbótarmennirnir afnámu skilyrta skírn, þ.e. skírn með fororði (fyrirvara). Ef vafi lék á skírn þá vildu þeir að skírt væri aftur. Ordínansían lögfestir viðhorf þeirra. Sjá: Sama rit, bls. 304.

enda þýðir „fedgin“ „foreldrar“ í gömlu máli.⁶⁶ Venjulega skal skíra heilbrigð börn í sóknarkirkjunni, í messu á helgum degi enda undirstriki staðsetningin tign athafnarinnar. Séu börn skírð heima á bæ skal allt fólk á bænum kallað saman til virðingar við sakramentið og til þess að erindi skírnarinnar verði öllum ljóst. Prestur skal skrýðast rykkilíni athöfninni til heiðurs.⁶⁷

Eftirtektaerverð nýbreytni er tilkoma upphafsávarpsins til fólksins, þ.e. viðstaddra, í fimm liðum. Það er þýtt næstum orðrétt úr *FV 1539*. Hinar fimm „greinar“ ávarpsins fjalla um:

1. að skírn sé innganga í kirkju Krists á jörð og færi hinum skírða gjöf heilags anda, eilíft líf og fyrirgefningu syndanna,
2. að skírnin geri „okkur“ að börnum Guðs og að „musteri hins Helga Anda“,
3. að skírnin merki andlegan dauða og upprisu með Kristi og þar með upprisu til nýs lífs með honum þegar í þessu lífi,
4. að skírnin sé trúlofun Krists og sálarinnar,
5. að gjafir skírnarinnar séu veittar óverðskuldað af náð fyrir úthellingu heilags anda og af þessum sökum sé skírnin laug endurfæðingar og endurnýjunar í Heilögum anda.⁶⁸

Ávarpinu lýkur með hvatningu til viðstaddra um að:

alvarlega ákalla og biðja Guð almáttugan því að djöfullinn, sem er allra kristinna manna, og þeirra sáluhjálpar óvinur, hann gjörir sér ekkert að gamni viður oss, í móti hverjum yður byrjar [þ.e. ber, er skylt] nú að standa með sannri trú og alvarlegri bæn til Guðs, vegna þessa unga barns.⁶⁹

Hvatningin er í fullu samræmi við áherslur Lúthers í formála *TB 1526* þar sem hann leggur áherslu á bæn safnaðarins fyrir skírnarborninu, ekki síst vegna þess að djöfullinn vilji koma í veg fyrir að gjafir skírnarinnar komi hinum skírða að notum.⁷⁰

Fleiri nýjungar var að finna í *GGÞ 1594* og eru þær eftirfarandi: Að ávarpi loknu spyr prestur til nafns en spurningin hafði ekki áður verið formlegur hluti af skírnarrítuali hérlendis og er ekki að finna hjá Lúther. Þó hafði nafn barnsins fyrr verið nefnt bæði í saltgjöf, bænum, afneitun djöfulsins og við skírnina sjálfa. Hjá Guðbrandi er önnur spurningin um trúna, sú sem vísar til annarrar greinar trúarjátningarinnar, lengri og nákvæmar útlistuð, og er fylgt fordæmi *FV 1539* hvað þetta varðar.⁷¹ Skírnarrítúalinu lýkur með áminningu til guðfedgina og svo

⁶⁶ Trérista úr *ME 1555* sýnir guðfedgin (þrjú), þar af eina konu. Ætti það að vera næg sönnun þess að guðfedgin hafi a.m.k. allt frá siðbót verið, eða getað verið, af báðum kynjum. *Íslensk orðsifjabók* sýnir þar að auki að „fedgin“ þýddi í gömlu máli „faðir og móðir“ og „foreldrar“. Orðlag ordínansíunnar bendir til hins sama. Ekki var gengið fram hjá konum þegar kom að hlutverkum tengdum skírn. Yfirsetukonur voru t.d. sérstaklega þjálfaðar til að sinna skemmri skírn og hugga mæður sem fæddu andvana börn. Sjá: „Ordinanza“, bls. 210 o.á.; Marteinn Einarsson, *Ein kristilg handbog*, bls. 55; Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 303; *Íslensk orðsifjabók*, Ásgeir Blöndal Magnússon, Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989, bls. 167 (uppflettiórðið „fedgin“).

⁶⁷ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 300–302.

⁶⁸ Einar Sigurbjörnsson fullyrðir ranglega að skírnarrítúal Lúthers hefjist á ávarpi í fimm hlutum. Hið rétta er að Lúther hafði ekki slíkt ávarp með og hið fimmfalda ávarp er það sem Guðbrandur Þorláksson hefur í upphafi skírnarrítúalsins í *GGÞ 1594*. Sjá: Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 280–284; Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 305, 470; *GGÞ 1594* bls. [237–239].

⁶⁹ *GGÞ 1594*, bls. [233].

⁷⁰ *ME 1555*, bls. 57–59.

⁷¹ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 321.

stuttri blessun: „Guð haldi sinni blessan yfir oss amen.“ Má ætla að hún sé tilkomin fyrir áhrif blessunarinnar í *NKS 138*.⁷²

Áminning til guðfedgina hljómar svo:

Með því þið eruð guðfedgin þessa barns, þá eru þið uppá Guðs vegna, og ykkar embættis skyldug þessu barni, fyrst að bera vitni um að það hefur meðtekið skírn og kristni, og ef foreldrar þessa barns kunna frá að falla, áður en barnið kemur til lögdurs, þá eigi þið að kenna því sín kristileg fræði, Boðorðin tíu, Credo, Pater noster, innsetningarorðin sakramentanna beggja, og annað því sem barnsins sálhjálp áhrærir, ef að þið eruð barninu nálæg. Segið föður og móður að þau uppfæði [uppræði] barnið í Guðsóttu og góðum síðum.⁷³

Áminningin er nær öll orðrétt þýðing úr *FV 1539* en geymir eina orðréttu setningu úr *ME 1555* og aðrar tvær umorðaðar.⁷⁴ Samanborið við *ME 1555* er ríkari áhersla lögð á fræðsluskyldu guðfedginanna. Til viðbótar við þær skyldur sem þar eru taldar upp skulu þau vitna um að barnið hafi „meðtekið skírn og kristni“, kenna þeim boðorðin tíu, innsetningarorð beggja sakramentanna og „annað það sem barnsins sálhjálp áhrærir.“⁷⁵

Skírnarritúal Guðbrands er í uppbyggingu sinni og innihaldi nauðalíkt því úr *ME 1555* og þar með *TB 1526*. Það var í gildi frá lokum sextándu aldar til loka átjándu aldar þegar nýtt ritúal var fyrirskipað af konungi (sjá neðar). Fyrri hluti tímabilsins markast mjög af áherslu á innrætingu rétrrar lútherskrar trúar meðal leikra, og raunar lærðra líka, og kallast tímabil rétttrúnaðarins.⁷⁶ Fjöldinn allur af bókum kom út til eflingar heimilisguðrækni og varð Grallarinn mikið notaður á heimilum, víða fram á miðja nítjándu öld og jafnvel lengur.⁷⁷

Særingin rekin út í lok átjándu aldar

Undir lok sautjándu aldar fóru nýjar áherslur í trúmálum að gera vart við sig á meginlandi Evrópu og eru þær kallaðar píetismi eða heittrúarstefna. Frægasti forvígismaður hennar er Jakob Spener sem olli straumhvörfum með riti sínu *Pia desideria (Frómar óskir)*. Í ritinu gagnrýnir Spener hina siðbættu kirkju, leika sem lærða, fyrir hræsni, yfirborðsmennsku og siðferðisslappleika. Hann fullyrðir að lausnin sé útbreiddari biblíuþekking og aukinn biblíulestur ásamt virkjun leikmanna til miðlunar fagnaðarerindinu. Áherslan á trúrækni og innileik var í fullu samræmi við rétttrúnaðarstefnuna en með heittrúarstefnunni dró úr áherslunni á rétta kenningu og fylgismenn hennar voru andsnúnir deilum milli kirkjudeilda um trúarsetningar. Reyndar var áhersla á trúnað við játningu lúthersku kirkjunnar í heiðri höfð í lútherska píetismanum og því getur verið erfitt að skilja á milli. Í öðrum kirkjudeildum var píetisminn róttækari og markaði upphaf gagnrýni á viðtekna kennisetningar.⁷⁸

⁷² Sama rit, bls. 328.

⁷³ *GGB 1594*, bls. [236–237].

⁷⁴ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 470.

⁷⁵ Sama rit, bls. 327–328.

⁷⁶ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 217.

⁷⁷ Einar Sigurbjörnsson, „Rétttrúnaðurinn“, Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 117–120, hér 120; Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 217; Karl Sigurbjörnsson, „Guðbrandur Þorláksson og Sálmaþók hans“, bls. 11–16.

⁷⁸ Einar Sigurbjörnsson, „Heittrúarstefna og upplýsing“, Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 302–308, hér 302.

Heittrúarstefnan hafði ekki teljandi áhrif á Íslandi fyrr en með komu Ludvigs Harboes (1709–1783). Hann dvaldi á Íslandi árin 1741–1745 sem könnunar- maður danskra kirkjufirvalda á kirkjumálum Íslands en þáverandi konungur, Kristján VI (1699–1746), var dyggur stuðningsmaður heittrúarstefnunnar. Á meðan á dvöl Harboes stóð og skömmu eftir hana bárust hátt á annan tug tilskipana og konungsbréfa til íslenskra kirkjufirvalda. Allar voru þær í píetísk- um anda og mun Harboe hafa ritað uppköst þeirra.⁷⁹

Fast á hæla píetismans fylgdi upplýsingin. Stefnan mótaðist af nýrri vísinda- legri heimsmynd, uppgötvun náttúrulögmála, trú á skynsemi mannsins og já- kvæðri sýn á sköpunarverkið. Hið myrka og neikvæða í kristinni kenningu, sér í lagi djöfull, illir andar og helvíti, átti ekki upp á pallborðið lengur þótt veruleika þess væri ekki afneitað af öllum.⁸⁰ Dulhyggja og bölsýni á mannlega tilveru, sem tengdist hugsun rétttrúnaðarins, var mikið gagnrýnd af upplýsingarmönnum. Sérstaklega var barist gegn „hjátrú og hindurvitnum“, þ.e.a.s. því sem taldist stríða gegn skynseminni. Þjóðtrúin lá vel við höggi og sömuleiðis trú manna á mátt signingar og helgra meðala gegn illum öndum og sjúkdómum.⁸¹ Upplýsing- in átti baráttuna gegn hjátrú sameiginlega með heittrúarstefnunni og sömuleiðis viljann til að betrubæta samfélag og siðferði.⁸²

Í kjölfar ofanefndra hugmynda var nýtt skírnarritúal lögtekið í Danmörku árið 1783. Höfundur þess var N.E. Balle Sjálandsbiskup (1744–1816).⁸³ Hann var upplýsingarmaður en hófsamur og stjórnaðist ekki af róttækri skynsemis- trú.⁸⁴ Hann var tengdasonur heittrúarmannsins Ludvigs Harboes og um tíma prófessor í guðfræðideild Hafnarháskóla.⁸⁵ Skírnarritúal hans var, að konungs- boði, tekið í gildi á Íslandi sama ár⁸⁶ og var tekið inn í nýja *Handbók fyrir presta* sem gefin var út árið 1826.⁸⁷

Útgáfan markaði þau tímamót að í fyrsta sinn í nær 300 ár var ekki stuðst við *TB 1526* í öllum grundvallaratriðum. Breytingarnar voru ekki sérstaklega margar en markverðar þó.⁸⁸ Ritúalið hefst á upphafsávarpi Balles og það þýtt því sem næst orðrétt.⁸⁹ Stór hluti ávarpsins, eða fyrstu tvær efnisgreinarnar, er samansafn ritningarstaða: Róm 5.12,16; Ef 2.3; Róm 3.23; Róm 5.19; Róm 5.21; Róm 4.25; Ef 1.4–7; Tít 3.4–8 og 1Pét 3.21.

⁷⁹ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 309–313.

⁸⁰ Einar Sigurbjörnsson, „Heittrúarstefna og upplýsing“, bls. 302–308; Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upp- lýsingar*, bls. 355.

⁸¹ Sama rit, bls. 354.

⁸² Sama rit, bls. 365.

⁸³ Jens Rasmussen, *Folkekirken under kongemagt og folkestyre: Struktur og liturgi*, Kaupmannahöfn: Fønix (rafbók), bls. 23, sótt 20. nóvember 2024 af

https://www.folkekirken.dk/_Resources/Persistent/2/0/9/8/20986af6ed1455e65706ba43333d059bc434a089/Struktur_og_liturgi_e-bog%20%281%29.pdf.

⁸⁴ Einar Sigurbjörnsson „Inngangur“, Helgi Hálfðánarson, *Helgakver*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 200, bls. 9–81, hér 35.

⁸⁵ Gunnar Kristjánsson, „Fermingarkver á 19. öld“, Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, Hjalti Hugason ritstj., Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 146.

⁸⁶ *Lövsamling for Island 4*, Kaupmannahöfn: Universitets-Boghandler A.F. Höst, 1854, bls. 706–711, sótt 15. nóvember 2024 af <https://baekur.is/bok/73e50ec4-ef8b-407f-bad2-f96cc8ba9446/4/712>.

⁸⁷ *Handbók presta: innihaldandi gudspjöll og pístla, með tilbeyrandi Colleetum og Bænum, sem í Islands Kirkjum lesast árid um kring á Sannu- og Helgi-dögum: Svo fylgir einnig Vegleidsla um Barna-Skír, Hjóna-vígslu, Vitjun sjúkra og Greptrum Fram- lidinna, m.fl.*, Videyar Klaustri : Prentud á kostnad Íslands Konúnglegru Vísinda Stiptunar, 1826, bls. 282–285. (Hér eftir stýtt í *HB 1826*.); Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 284–285.

⁸⁸ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 284–285.

⁸⁹ *Lövsamling 4*, bls. 706 o.á.; Jens Rasmussen, *Folkekirken under kongemagt og folkestyre*, bls. 23.

Fyrst er bent á alvöru erfðasyndarinnar og þeirrar fordæmingar sem hún leiðir af sér: „allir hafa syndgað“ og „fordæming [er] komin yfir alla menn, fyrir eins manns fall.“ Því næst er vikið að hjálpræðisverki Jesú Krists: „endurlausninni fyrir hans blóð, sem er fyrirgefning syndanna.“ Þetta stendur þeim mörgu sem réttlættir verða til boða vegna útvalningar Guðs frá grundvöllun heimsins. Aðgangur „til þessarar Guðs náðar í Kristi“ er veittur í „endurfæðingarinnar og endurnýjungarinnar laug“, þ.e. í skírnarsánum fyrir heilagan anda. Skírnarathöfnin er ekki „hreinun óhreininda á líkamanum“⁹⁰ heldur „sáttmáli góðrar samvisku við Guð“. Þar sem Kristur gerir fæðingu af vatni og heilögum anda að skilyrði fyrir inngöngu í Guðs ríki (Jóh 3.5) er barnið „sem er getið í syndinni og fætt í yfirtroðslunni“ skírt í samræmi við skírnarskipun Drottins í Matt 28.18–20.⁹¹

Eftirtektarverðasta breytingin er sú að skírnarklæðið, báðar særingarnar og syndaflóðsbæn Lúthers eru felld niður. Samtímis er signingunni haldið en með þessu er hún tekin úr augljósu samhengi særinganna. Signingin er útskýrð með þessum orðum: „N. Meðtak þú teikn hins heilaga kross bæði á enni og á brjósti **til vitnisburðar að þú skalt trúa á þann krossfesta Drottinn Jesúm Krist** [áhersla höf.].“⁹²

Bænarávarpið er nær orðrétt hið sama og í *ME 1555* og *GGB 1594*: „Sá almáttugi Guð og Faðir vors Drottins Jesú Krists, sem þig hefir endurgetið fyrir vatn og heilagan anda, og hefir þér allar þínar syndir fyrirgefið, hann styrki þig með sinni náð til eilífs lífs, Amen!“⁹³

Ávarpið til guðfeðgina er efnislega hið sama og í *GGB 1594* en upptalningunni á því sem heyrir undir „kristileg fræði“ er sleppt. Nýtt er að markmið uppfræðslunnar er útskýrt: „látið kenna [barninu] sín kristilegu fræði, ef þið eruð barninu svo nálæg, að það mætti halda sér við Krist, þegar það uppvex, eins og það nú er, fyrir skírnina, honum innplantað“ og vitna til orða ordínansíunnar um áminninguna til guðfeðgina.⁹⁴

Brottnám særinganna er sagt í konungsbréfinu 1783 löngu tímabært og skuli fylgja fordæmi annarra mótmælendakirkna. Ástæðan er sögð tvöföld: særingin er ekki talin byggjast á Biblíunni og geti auk þess auðveldlega valdið hneykslan. Einnig eru gefnar útskýringar á tilkomu hins nýja upphafsávarps. Það er til þess að „innprenta“ í vitund fólks vitnisburð Ritningarinnar um erfðasynd og endurlausn.⁹⁵

Áhersla heittrúarstefnu og upplýsingar á dyggðugt líferni og rétt siðferði er ógreinileg í skírnarritúalinu í *HB 1826*. Helst er það þá nýtt ávarp sem fer á undan spurningum um afneitun djöfulsins, játningu trúarinnar og vilja til skírnar og hljómar svo:

⁹⁰ Svo er 1Pét 3.21 þýtt í Biblían 2007. Í *HB 1826* segir orðrétt: „skírnin er ekki burttekt holdsins saurugleika“.

⁹¹ *HB 1826*, bls. 282–285.

⁹² *HB 1826*, bls. 285. Einar Sigurbjörnsson ruglar saman signingarorðum í *HB 1826* við sömu orð í seinni handbókum. Sjá: Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 284–285.

⁹³ *HB 1826*, bls. 289.

⁹⁴ Sama rit, bls. 290.

⁹⁵ *Lövsamling 4*, bls. 706–711.

Lofaður veri guð og faðir vors drottins, Jesú Krists, sem eftir sinni miklu miskunn vill endurfæða þig til lifandi vonar, fyrir upprisu Jesú Krists frá dauðum, en þú verður með honum greftraður, fyrir skírnina, til dauða, upp á það, að lifa svo sem Kristur er uppvakinn frá dauðum fyrir dýrð föðurins, svo skulir og þú ganga í nýju líferni.⁹⁶

Það eru niðurlagsorðin sem ríma vel við hina nýju hugmyndastrauma. Þau eru þó fengin nálega orðrétt úr Róm 6.3–4, sem er bakgrunnur seinni helmings ávarpsins. Fyrri helmingurinn er umorðun á 1Pét 1.3. Áherslan á hið nýja líferni var aftur á móti sameiginleg með rétttrúnaðinum og er nær orðrétt til staðar í þriðja lið upphafsávarpsins í skírnarritúalinu í *GGÞ 1594*.⁹⁷

Burtraking særinganna byggist án efa á andstöðu píetista og upplýsingarmanna við hjátrú og hindurvítu og vantrú á varnarmátt helgiathafna. Sú athöfn að klæða skírnarbornið fyrst í skírnarklæði eftir yfirausturinn hefur ekki sama yfirbragð og særingar en hefur verið felld niður á sömu forsendum, að ekki var grundvöllur fyrir því í Biblíunni, og er því ónaðsynleg. Ástæður fyrir brottfellingu syndaflóðsbænarinnar eru ekki nefndar í konungsbréfinu en í bæninni er lögð mikil áhersla á kraftaverk Guðs og inngríp í veraldarsöguna með vísun í syndaflóð og kloffingu Rauða hafsins. Þessi áhersla kemur illa heim og saman við *deisma* upplýsingarguðfræðinnar og hefur ráðið miklu um að bænin var fjarlægð.

Tryggð við rétttrúnaðinn á nítjándu öld

Afneitan djöfulsins hélst inni í skírnarritúalinu alla nítjándu öldina og fram á þá tuttugustu en á nítjándu öldinni gerðist framan af lítið í trúmálum Íslendinga samanborið við þá ólgu sem gerði vart við sig meðal þjóða á meginlandinu.⁹⁸ Upplýsingarguðfræðin festi sig í sessi á Íslandi og olli vaxandi skynsemishyggju en aðallega var um að ræða íhaldssama útgáfu hennar sem prestsefni kynntust í Hafnarháskóla. En í Evrópu voru miklar hræringar í trúmálum, stórar píetískar vakningahreyfingar risu víða upp gegn ríkiskirkjunni og barátta var háð fyrir trúfrelsi og trúfélagafrelsi. Trúfrelsi komst á á Íslandi með lögtöku stjórnarskrár fyrir Ísland 1874 en ekki hafði verið kallað eftir þessum réttindum á breiðum grundvelli héraendis.⁹⁹

Afleiðing trúfrelsis á Íslandi var að skilgreina þurfti stöðu kirkjunnar upp á nýtt og var hún þaðan í frá nefnd þjóðkirkja. Þannig varð hún skilgreind kirkja meðal annarra kirkna og trúfélaga en þó aðnjótandi verndar og stuðnings ríkisins samkvæmt stjórnarskrá endað ætlað að þjónusta þjóðina alla. Þjóðkirkjan hélt áfram að virka eins og ríkiskirkja vegna afar náinna og lögformlegra tengsla við ríkisvaldið.¹⁰⁰

Á meginlandi Evrópu gerði vísindaleg gagnrýni mjög vart við sig og ný frjálshynd guðfræði óx fram í kringum miðbik nítjándu aldarinnar sem var ófeimin við að endurskoða trúarsetningar kristinnar kirkju í ljósi nýrra vísinda og skynsemi. Síðast en ekki síst var rómantíkin áhrifavaldur á sömu öld. Í guðfræði

⁹⁶ *HB 1826*, bls. 287–288.

⁹⁷ *GGÞ 1594*, bls. bls. [237–239].

⁹⁸ Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, *Til móts við nútímann*, bls. 15–18.

⁹⁹ Sama rit, bls. 17, 24, 60.

¹⁰⁰ Sama rit, bls. 199, 237–239.

birtist hún sem áhersla á trúartilfinningu einstaklingsins framur kennisetningum. Þar að auki sáu fylgismenn rómantísku stefnunnar Guð nálægan í hinu skapaða en upplýsingarguðfræðin hafði hneigst til *deisma* þar sem Guð var álitinn hafa lokið afskiptum sínum af hinu skapaða og vera fjarri.¹⁰¹

Innan dönsku kirkjunnar uxu fram þrjár stefnur, ein þeirra var stefna N.F.S. Grundtvigs (1783–1872) en fylgismenn hennar voru hallir undir frjálsslynda guðfræði sem mótuð var af þýskri rómantik og trúarheimspeki. Á hinum kantinum var stefna heimatrúboðsins sem sótti mest til rétttrúnaðarins. Miðjustefnan var stefna J.P. Mynsters Sjálandsbiskups (1775–1854) þar sem blandað var saman rétttrúnaði, píetisma og rómantik. Það var síðastnefnda stefnan sem náði til Íslands, ekki síst fyrir tilstilli dr. Péturs Péturssonar (1809–1891), fyrsta forstöðumanns Prestaskólans og biskups Íslands í um 23 ár, árin 1866–1889. Áhersla þessi hefur verið kölluð nýrétttrúnaður og kirkjustefna.¹⁰²

Þegar ný íslensk þýðing Biblíunnar kom út 1866 sótti Pétur biskup Pétursson um leyfi til kirkju- og kennslumálaráðuneytis Danmerkur að hefja endurskoðun á *HB 1826*. Endurskoðunin átti fyrst og fremst að eiga við um ritningarstaði en biskupi þótti sitthvað annað orðið úrelt. Pétur biskup fékk leyfið en gekk reyndar mun lengra í endurskoðun sinni en leyfisumsókn hans hafði gengið út á. Ætti helst að tala um nýja handbók því að mjög mikið af efni hennar er nýskrifað og hreyft er við formi ýmissa kirkjulegra athafna.¹⁰³

Í „endurskoðuðu“ handbókinni, *Handbók fyrir presta á Íslandi: Endurskoðuð*, sem gefin var út 1869 var form skírnarrítúalsins nokkuð breytt.¹⁰⁴ Það er nær orðrétt þýtt eftir tillögu Mynsters til nýrrar handbókar í Danmörku og inniheldur aðdeins einstaka minniháttar frávik frá henni hvað innihald og uppbyggingu varðar.¹⁰⁵ Skemmst er frá því að segja að tillaga Mynsters náði ekki brautargengi í Danmörku.¹⁰⁶

Bænarávarpið eftir skírnina tekur umtalsverðum breytingum í *HB 1869*. Hvorki er lengur talað um „endurgetnað fyrir vatn og heilagan anda“ né að allar syndir hafi nú verið fyrirgefnar. Í staðinn kemur:

Sá almáttugi guð og faðir drottins vors Jesú Krists, sem nú hefir tekið þig með skírninni í samfélag síns elskulega sonar, drottins vors Jesú Krists, og fyrir hann veitt þér frelsi og fyrirgefningu syndanna, hann styrki þig með sinni náð til eilífs lífs. Amen.¹⁰⁷

Áherslan hér liggur þannig á inngöngu í kirkjuna, sem er samfélag Guðs sonar, í stað endurfæðingar og ekki liggur í augum uppi hvort einhver synd hafi verið til staðar og verið fyrirgefin.

Orðin samfara signingunni, „Meðtak þú tákni hins heilaga kross, bæði á enni og á brjósti, til vitnisburðar, að þú skalt trúa á þann krossfesta drottin Jesúm Krist“, taka breytingum og hljóða svo í endurskoðaðri bók Péturs biskups:

¹⁰¹ Sama rit, bls. 24–28, 34, 40–45; Einar Sigurbjörnsson, „Heitruarstefna og upplýsing“, bls. 305.

¹⁰² Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, *Til móts við nútímann*, bls. 24–25; Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk kirkjusaga*, bls. 214–215.

¹⁰³ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 201–202.

¹⁰⁴ [Án höfundar], *Handbók fyrir presta á Íslandi: Endurskoðuð*, Reykjavík: Einar Þórðarson, 1869, bls. 124 o.á. (Hér eftir stýtt í *HB 1869*.)

¹⁰⁵ J.P. Mynster, *Udkast til en Alterbog og et Kirke-Ritual for Danmark*, Kaupmannahöfn, 1839, bls. 21 o.á., sótt 20. nóvember 2024 af <https://www.kb.dk/e-mat/dod/110708005999.pdf>.

¹⁰⁶ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 284–285, 202.

¹⁰⁷ *HB 1869*, bls. 128.

„Meðtak þú teikn hins heilaga kross bæði á enni og á brjósti, til merkis um að hugur þinn og hjarta á að helgast fyrir trúna á hinn krossfesta drottin Jesúm Krist.“¹⁰⁸

Breytingin á bænarávarpinu endurspeglar hið endurskoðaða upphafsávarp: þ.e. efnisuppröðun er hin sama og var í *HB 1826*. Fyrst er talað um að synd og dauði séu komin í heiminn fyrir einn mann og til allra manna „því að allir hafa syndgað“ en orð *HB 1826* um að „fordæming [sé] komin yfir alla menn“ og allir séu „af náttúrunni til, reiðinnar börn“ eru felld burt. Í niðurlagsorðum ávarpsins er þó áfram talað um að barnið sé „fætt í synd.“ Um endurlausnarverk Jesú Krists er talað á sömu nótum og í *HB 1826* án þess þó að talað sé um „endurlausnina fyrir hans blóð, sem er syndanna fyrirgefning“.¹⁰⁹

Í *HB 1869* tekur form trúarjátningar og afneitunar miklum breytingum þar sem spurnarforminu er sleppt. Í stað þess er trúarjátningin og afneitunin felld inn í ávarp prests um skírnarsáttmálann: „[...] En skírnarinnar helgi sáttmáli er í því fólgin: Að þú afneitir djöflinum, öllum hans verkum og öllu hans athæfi, að þú trúir á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar [o.s.frv.]“. Í lok ávarpsins spurði prestur: „Vilt þú upp á þessa trú verða skírður?“¹¹⁰

Ávarp til guðfeðgina er nær orðrétt það sama og áður, þó með þeirri nýjung að eftir ávarpið er bætt við nýrri skírnarbæn og boðið upp á að farið sé með hina drottinlegu blessun. Í bæninni er þakkað fyrir inntöku safnaðarins og barnsins í kirkjuna gegnum skírnina. Beðið er um vernd og varðveislu þeim til handa og hjálp við að „halda vor skírnarheit og afneita öllu óguðlegu athæfi, en þjóna [Guði] í sannri og lifandi trú“ í þessu lífi.¹¹¹

Í raun er lítil munur á guðfræði *HB 1826* og *HB 1869* þó að sú síðarnefnda fari ögn mildari orðum um erfðasyndina og vísi ekki beint til blóðs Krists. Kenningin um hjálpræðisverk Krists er engan veginn fjarri. Það eru heldur engin tíðindi að talað sé um skírnarsáttmála. Orðið vísar greinilega til spurninganna um afneitun djöfulsins og játningar trúarinnar og vilja til skírnar. Þær eru ekki nýjar af nálinni heldur eiga rætur að rekja til fornkirkjunnar og þar með á skírnarsáttmálann sér sama forna uppruna.

Eftirmaður Péturs Péturssonar á biskupsstóli var Hallgrímur Sveinsson (1841–1909). Hann hóf undirbúning að útgáfu nýrrar handbókar. Prestastefna kaus árið 1892 þrjá menn til aðstoðar biskupi og voru það þeir Þórhallur Bjarnarson (1855–1916), Valdimar Briem (1848–1930) og Helgi Hálfðanarson (1826–1894).¹¹² Helgi var heilsuveill og lést 1894 og kom enginn í hans stað í nefndina. Nefnd þessi gaf út *Frumvarp til endurskoðaðrar handbókar fyrir presta á Íslandi og til breytinga á kirkjuritúalinu* og lagði fyrir prestastefnu árið 1897.¹¹³ Frumvarpið geymdi tillögur að nokkuð róttækum formbreytingum á skírnarritúalinu. Kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að Valdimar Briem sé

¹⁰⁸ Sama rit, bls. 126.

¹⁰⁹ Sama rit, bls. 125–126.

¹¹⁰ Sama rit, bls. 127–128.

¹¹¹ Sama rit, bls. 128–129.

¹¹² [Án höfundar], „Synodus 1. júlí 1892“, *Kirkjublaðið* 8/1892, bls. 113–116, hér 114, sótt 24. nóvember 2024 af <https://timarit.is/page/2211033>.

¹¹³ Hallgrímur Sveinsson, Valdimar Briem og Þórhallur Bjarnarson, *Frumvarp til endurskoðaðrar handbókar fyrir presta á Íslandi og til breytinga á kirkjuritúalinu*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðju, 1897.

höfundur að skírnarrítúalinu.¹¹⁴ Skírnarrítúal frumvarpsins varð ekki að ritúali kirkjunnar en hafði þó áhrif á hver niðurstaðan varð 1910.¹¹⁵

Í frumvarpinu er upphafsávarpið mjög langt (um 900 orð!) og inniheldur það uppfært ávarp til guðfeðgina. Efnistöfum upphafsávarpsins má í stuttu máli lýsa svo: 1) Talað er um fyrirmyndina sem Jesús gaf okkur í skírn sinni í ánni Jórdan. 2) Stofnun skírnarinnar með skírnarskipun Krists. 3) Skírnarsáttmálinn. 4) Nauðsyn andlegrar endurfæðingar vegna meðfæddrar syndar (Jóh 3.5). 5) Talað er um að eðlilegt sé að skíra ungu börnin með vísun til barnaguðspjalls Markúsar (Mark 10.13–16). 6) Guðfeðgin ávörpuð. 7) Gjöf skírnarnafnsins. 8) Guðsbarnarétturinn sem veitist fyrir náð Guðs.¹¹⁶

Trúarjátningin stendur sjálfstætt, en er flutt af prestinum einum og kynnt með orðunum: „Heyrið ennfremur hina postullega trúarjátningu kristlegrar kirkju.“ Að flutningi loknum fylgdu þrjár spurningar sem beint var að skírnar barninu: „Vilt þú afneita djöflinum og öllu illu og óguðlegu? Vilt þú trúa á þríeina Guð: föður, son og heilagan anda? Vilt þú verða skírð(ur) til þessarar trúar?“ Eftir fylgir signing, spurning um nafn og að því búnu sjálf skírnin með nýjum skírnarformála: „Ég skíri þig til nafns hins þríeina Guðs, föður, sonar og heilags anda.“ Hugsunin að baki breytingunni er sú að skírt er til samfélags við Guð.¹¹⁷ Bæn með handayfirlagningu eftir skírnina er aukin og forminu lýkur á Faðir vor og drottinlegri blessun.¹¹⁸

Í eftirmála við frumvarpið frá 1897 greinir Hallgrímur frá því að mörgum þyki gildandi upphafsávarp óviðfelldið og þungt í vöfum. Einnig segir hann að óskir hafi verið uppi um afnám afneitunar á djöflinum. Segir biskup að þessi afneitun standi ekki í beinu sambandi við skírnina en vegna langrar hefðar sé rétt að hún haldi sér. Nefndin mun hafa rætt um að fella niður signinguna þar sem hún sé „leifar úr katólsku“ en vegna þess að hún sé „forn og fögur venja“ og enginn leggi lengur í hana kaþólska þýðingu fær hún að halda sér.¹¹⁹

Ekki er annað sjá en að með kaþólskri þýðingu signingarinnar sé átt við hugmyndina um saringarmátt signingarinnar og þar með hindurviti að mati upplýsingarmanna. Aftur á móti má merkja nokkurs konar rómantíska hugsun í rökum nefndarinnar um að signingin sé fögur venja og því góð og gild.

Afnám afneitunar á djöflinum í upphafi tuttugustu aldar

Vegna vonar um útgáfu nýrrar biblíuþýðingar var vinnunni við nýja handbók frestað með ákvörðun prestastefnu 1898 en starf að nýrri biblíuþýðingu hófst sama ár. Þýðingin dróst og var síðan innkölluð þegar hún loks kom út 1908 vegna deilna um hana. Ný biblíuþýðing kom endanlega út 1912. Ekki var hægt að bíða svo lengi eftir nýrri handbók því að hin gildandi var orðin ófánleg. Hallgrímur Sveinsson lét af embætti 1908 og Þórhallur Bjarnarson varð eftirmaður hans á biskupsstóli. Það kom í hlut hins síðarnefnda að koma handbókar-

¹¹⁴ Sama rit, bls. 64..

¹¹⁵ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 285–286.

¹¹⁶ Hallgrímur Sveinsson o.fl., *Frumvarp*, bls. 27–31.

¹¹⁷ Sama rit, bls. 76.

¹¹⁸ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 285–286; Hallgrímur Sveinsson o.fl., *Frumvarp*, bls. 27–31.

¹¹⁹ Hallgrímur Sveinsson o.fl., *Frumvarp*, bls. 73–74.

vinnunni í höfn og tókst það 1910 þegar *Helgisíðabók íslensku þjóðkirkjunnar* var gefin út.¹²⁰

Eftir að Hallgrímur lét af nefndarstörfum 1909 var Haraldur Níelssyni (1868–1928), kennara við Prestaskólann, síðar prófessor við guðfræðideild eftir stofnun hennar, bætt við í nefndina en rúmum áratugi fyrr höfðu Jens Pálsson (1851–1912) og Jón Helgason (1866–1942) verið kosnir í nefndina. Eftir útgáfu *HB 1910* rekur Þórhallur biskup þessa sögu í *Nýju kirkjublaði*, er hann gaf út og ritstýrði, og fullyrðir að jafnmikið hafi breyst í drögunum á síðasta ári nefndarvinnunnar eins og á þeim tíu árum þar á undan þótt mikið hafi gerst á þeim tíma.¹²¹ Helgisíðabókin byggist þó á frumvarpinu frá 1897 í grundvallaratriðum nema þegar viðkemur prestsverkum öðrum en hjónavígslu.¹²²

Skírnarrítualið í *HB 1910* er þar af leiðandi ekki grundvallað á frumvarpinu frá 1897 nema að litlu leyti. Ekki varð úr að drottinlegri blessun yrði bætt við sem föstum liði við skírnarrítualið. Í stað lengra upphafsávarps er það styttra en í *HB 1869*. Að loknu upphafsávarpi og lestri barnaguðspjalls Markúsar (Mrk 10:13–16) kemur skírnarbæn sem byggist á Matt 7.7, „biðjið og yður mun gefast ...“, líkt og í skírnarbæninni í *TB 1526* sem byggist á fornri hefð. Þar á eftir er gengið að skírnarsánum og prestur mælir orð byggð á 1Pét 3.5 og Slm 121.8, því næst er signingin og þá trúarjåtning flutt af presti einum.¹²³ Ný umgjörð trúarjåtningarinnar er í samræmi við frumvarpið frá 1897.¹²⁴

Þau nýmæli verða með *HB 1910* að djöflinum er ekki lengur afneitað, hvorki beint né óbeint. Trúarjåtningin hafði ekki verið borin fram í spurnarformi síðan í *HB 1826* og nú gerist það líka að skírnarspurningin er afnumin.¹²⁵ Við þetta hverfur það hlutverk guðfeðgina að svara fyrir hönd barnsins spurningum sem beint er til þess.¹²⁶ Áfram er spurningunni um nafn barnsins beint til þeirra, eða til foreldra þess.

Upphafsávarpið er einnig skrifað upp á nýtt. Það hefst áfram á fullyrðingu um að Guðs orð kenni „að allir menn séu fæddir með syndugu eðli“ og jafnframt er skírskotað til reynslunnar: „Þessa kenningu staðfestir öll reynsla“. Ekki er orðum vikið að fordæmingu heldur er tekið að tala um Jesú Krist sem kominn er í heiminn „til þess að vér syndugir menn skyldum ekki glatast í syndinni, heldur öðlast eilíft líf í guðs ríki sem ástfólgin guðs börn“. Með skírninni veitir drottinn aðgang „að guðs ríki og gæðum þess“ og skírn þessi er „endurfæðingarlaug til nýs lífs með Kristi í Guði“. Ávarpinu lýkur á eftirfarandi orðum:

¹²⁰ Einar Sigurbjörnsson, „Helgisíðabókin 1910“, Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, *Til móts við nútímann*, bls. 233–236, hér 233–234; [Án höfundar], *Helgisíðabók íslensku þjóðkirkjunnar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1910. (Hér eftir stýtt í *HB 1910*.)

¹²¹ [Án höfundar], „Helgisíðabók íslensku þjóðkirkjunnar“, *Kirkjublaðið* 14/1910, bls. 161–165, hér 164, sótt 21. nóvember 2024 af <https://timarit.is/page/4413730>.

¹²² Einar Sigurbjörnsson, „Helgisíðabókin 1910“, bls. 234.

¹²³ *HB 1910* bls. 78–83.

¹²⁴ Hallgrímur Sveinsson o.fl., *Frumvarp*, bls. 31.

¹²⁵ *HB 1910*, bls. 78–83.

¹²⁶ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 285–286.

Samkvæmt þessum orðum drottins vors vil ég sem lærisveinn hans og þjónn skíra þetta barn (þessi börn) að viðteknum hætti kristinnar kirkju, og fela það drotni [sic], frelsara vorum, og biðja þess af hjarta, að hann í náð taki það í samfélag við sig og gefi því rétt og frelsi guðs barna, og veiti því ljós og kraft síns heilaga anda til kristlegrar trúar og guðrækilegs lífennis.¹²⁷

Af þessum orðum að dæma er í *HB 1910* litið á skírn sem prestsverk en ekki athöfn safnaðarins í heild þar sem þátttaka viðstaddra í bæn skiptir máli.¹²⁸

Í *HB 1910* eru tvær sérstaklega eftirtektarverðar breytingar. Í fyrsta lagi stendur spurningin um nafn barnsins í fyrsta sinn í beinu sambandi við vatnsathöfnina. Í öðru lagi tekur skírnarformálinn breytingum og hljóðar nú: „Ég skíri þig til nafns föðurins, sonarins og hins heilaga anda. Amen.“ Hvort tveggja er í samræmi við frumvarpið frá 1897.¹²⁹ Ætla má að ný staðsetning spurningarinnar um nafnið hafi styrkt þá skoðun manna að skírn snerist um nafngjöf og hún þar með unnið að útbreiðslu þeirrar skoðunar í framhaldinu.¹³⁰

Bænarávarpið með handayfirlagningu tekur lítilli en markverðri breytingu í *HB 1910* og fer á undan Faðir vor, sem fyrst núna er beðið eftir vatnsathöfnina. Breytingin lýsir sér í því að áherslan á endurfæðingu fyrir heilagan anda kemur aftur inn. Allt annað heldur sér frá *HB 1869*.¹³¹

Í lokin er ávarp til guðfeðgina í nýrri mynd. Allt tal um fræðsluskyldu guðfeðgina ef foreldrarnir falla frá er fellt burt. Í stað þess er talað um hlutverk guðfeðgina og safnaðarins að biðja fyrir barninu og „annast um að barn þetta megi, er það vex upp, halda sér við Krist, eins og það er nú fyrir skírnina gróðursett á honum.“¹³²

Tveir öflugustu málsvarar nýju guðfræðinnar svokölluðu, það er frjálsslyndrar guðfræði, sátu í handbókarnefndinni fyrir *HB 1910*: Jón Helgason og Haraldur Níelsson. Þórhallur Bjarnarson biskup aðhylltist stefnuna einnig. Frjálsslynda guðfræðin einkennir þó ekki skírnarritúal handbókarinnar. Það sést á því hvernig upphafsávarpið fjallar áfram um erfðasynd og björgun frá henni fyrir Jesú Kristi sem veitir eilíft líf. Tóninn er aftur á móti mun mildari samanborið við handbækur níttjándu aldar og vísað er til reynslunnar, kenningunni til staðfestingar. Fordæming er ekki nefnd á nafn þótt möguleiki til glötunar virðist vera fyrir hendi. Djöfullinn kemur ekki lengur fyrir þar sem afneitunin á honum er fjarlægð og skírnarbarnið er einskis spurt lengur. Þar með hverfa öll ummerki um inngöngu í skírnarsáttmála úr skírnarritúalinu.

Breytingarnar í *HB 1910* koma höfundi fyrir sjónir fyrst og fremst sem vaxandi áhrif upplýsingar, skynsemishyggju og trú- og einstaklingsfrelsi á skírnarritúalið. Kennisetningar þær sem helst minna á hjátrúarfulla heimsmýnd fyrri alda falla út og óviðkomandi er ekki gert að svara fyrir hönd hins ómálga frjálsa einstaklings.

¹²⁷ *HB 1910*, bls. 78–79.

¹²⁸ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 287.

¹²⁹ Sama rit, bls. 81; Hallgrímur Sveinsson o.fl., *Frumvarp*, bls. 32.

¹³⁰ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 286–287.

¹³¹ *HB 1910*, bls. 81–82.

¹³² Sama rit, bls. 82.

Erfðasyndin þurrkuð út árið 1934

Eftir því sem leið á fyrri hluta tuttugustu aldar náði hin nýja frjálsslynda guðfræði æ meiri útbreiðslu hérlendis. Hún var edlilegt framhald upplýsingar og skynsemishyggju og hafði náð mikilli útbreiðslu á meginlandinu seinni hluta nítjándu aldar. Einkennandi fyrir stefnuna var aðlögun trúarsetninga að nýrri vísindalegri þekkingu og aðferðum. Sömuleiðis var samviskufrelsi í hávegum haft og samviskuna mátti ekki binda við játningar og kennisetningar. Tekið var að beita sömu sögulegu og bókmenntafræðilegu aðferðum við rannsókn Biblíunnar og gert var við önnur fornrit og hún gagnrýnd fyrir ýmiss konar misræmi og rangfærslur.¹³³

Tveir af forvígismönnum frjálsslyndu guðfræðinnar, Jón Helgason og Haraldur Níelsson, voru prófessorar í guðfræðideild Háskóla Íslands frá stofnun háskólans 1911 og mun það hafa haft sitt að segja um það hversu snöggst stefnan náði útbreiðslu innan þjóðkirkjunnar. Jón Helgason var vígður til biskups Íslands 1917 og hóf endurskoðun handbókarinnar árið 1925. Í handbókarnefndinni sátu ásamt biskupi Árne Björnsson prófastur (1863–1932), Árni Sigurðsson fríkirkjuprestur (1893–1949), Friðrik Hallgrímsson dómkirkjuprestur (1872–1949) og Sigurður P. Sívertsen prófessor (1868–1938), valdir af prestastefnu.¹³⁴ Á prestastefnu 1927 var Haraldur Níelssyni prófessor, Magnúsi Jónssyni (1887–1958) dósent og Bjarna Jónssyni (1881–1965) dómkirkjupresti bætt við nefndina.¹³⁵ Árið 1931 lauk nefndin störfum og prófessorarnir Sigurður P. Sívertsen og Ásmundur Guðmundsson (1888–1969), báðir fylgismenn frjálsslyndu guðfræðinnar, voru valdir af prestastefnu að tillögu biskups til að koma verkinu í höfn.¹³⁶ Það tókst með útgáfu á nýrri *Helgisíðabók íslensku þjóðkirkjunnar* árið 1934.¹³⁷

Skírnarrítúal *HB 1934* er að forminu til lítið breytt frá fyrri handbók en annað gildir um innihald einstakra liða. Áfram er skírt „til nafns föðurins, sonarins og hins heilags anda“ en allar bænir eru nýjar og það sama á við um umgjörð signingarinnar:

Ég helga þig Kristi með tákni hins heilaga kross bæði á enni og brjósti, til merkis um að hugur þinn og hjarta á að helgast fyrir trúna á hann.

Heilagi faðir. Tak þetta barn í samfélag sonar þíns. Endurfæð það með anda þínum og lát hann aldrei frá þér víkja. Styrk það með krafti þínum og kærleika.¹³⁸

Þessi bæn, í framhaldi signingarinnar, er aðalbirtingarmynd kenningarinnar um að skírn sé endurfæðing eins og kenningin kemur fram í handbókinni. Bænin gefur til kynna að skírn sé meira en blessunar- og fyrirbænarstund.

Upphafsaávarpið fær í *HB 1934* alveg nýtt innihald. Ekki er lengur fjallað um erfðasynd og athygli vekur að hvergi er gefið til kynna að skírnin veiti hlutdeild

¹³³ Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, *Til móts við nútímann*, bls. 226–229; Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk kirkjusaga*, bls. 237–238.

¹³⁴ Jón Helgason o.fl., „Bráðabirgðatillögur til breytinga á helgisíðabók þjóðkirkjunnar“, *Prestafélagsritið* 1/1927, bls. 37–56, bls. 37, sótt 24. nóvember 2024 af <https://timarit.is/page/4770271>.

¹³⁵ Benjamín Kristjánsson, „Tillögur handbókarnefndar“, *Stráumar* 9/1927, bls. 131–137, bls. 131, sótt 24. nóvember 2024 af <https://timarit.is/page/5192163>.

¹³⁶ [Án höfundar], „Ýmislegt“, *Prestafélagsritið* 1/1931, bls. 240–242, hér 242, sótt 24. nóvember 2024 af <https://timarit.is/page/4771397>.

¹³⁷ [Án höfundar], *Helgisíðabók íslensku þjóðkirkjunnar*: Að tilhlutun prestastefnunnar og kirkjuráðs hinnar íslensku þjóðkirkju, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja H.F., 1934. (Hér eftir stýtt í *HB 1934*.)

¹³⁸ Sama rit, bls. 112–113.

í hjálpræðisverki Krists. Þannig birtist sá skilningur að skírnbarnið sé barn Guðs frá fyrstu stund og skírinn breyti engu þar um.¹³⁹ Áður höfðu upphafs-ávörpin einskorðast að mestu leyti við útleggingu ritningarstaða um synd, endurlausn og gjafir skírnarinnar. Nú segir m.a.: „Guð er alltaf á óteljandi vegu að hjálpa öllum til þess að verða það, er hann ætlar hverjum manni, sem er í heiminn borinn.“ Með ávarpinu er áhersla lögð á kærleika Guðs föður sem af kærleika kallar „oss“ Guðs börn (1Jóh 3.1) og elskar skírnbegann að fyrri bragði (1Jóh 4.19). Sömuleiðis er vísað til Jóh 3.16, sem hljóðar þannig: „Svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver, sem á hann trúir, glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.“ Á þessum eina stað í ávarpinu glittir í glötun/fordæmingu sem möguleika. Ávarpinu lýkur með því að vitna til Jóh 14.6 með umhugsunarverðum hætti: „Jesús Kristur er oss vegurinn, sannleikurinn og lífið [„oss“ er skotið inn].“¹⁴⁰

Ávarpinu er skeytt saman við lestur barnaguðspjalls Markúsar (Mrk 10.13–16), bæn um blessun barninu, hinum viðstöddu og allri kirkjunni til handa, lestur skírarskipunarinnar og trúarjátningarinnar. Mætti í raun líta á þetta allt sem eitt langt ávarp. Skírarskipunin var hluti af formála trúarjátningarinnar og hvort tveggja kynnt sem hluti af venjum kirkjunnar með eftirfarandi orðum: „Kirkja Krists hefur ávallt um liðnar aldir leitast við að fylgja fyrirmælunum um skírinnina í Matteusarguðspjalli (28.18–20): [...] Samkvæmt þessu hefur kirkjan við skírinnina kynslóð eftir kynslóð og alt [sic] til þessa dags játað trú sína þannig: [postullega trúarjátningin].“¹⁴¹

Ákveðin kaflaskil má greina eftir trúarjátninguna sem marka upphaf vatnsathafnarinnar við skírarsáinn (ef til vill er á þessum stað ætlast til að gengið sé fram að skírarsánum en handbókin segir ekkert um það). Eftir yfirlýsingu byggða á 1Pét 3.5. sem í fyrri handbókum tilheyrði „göngunni“ til skírarslaugarinnar vekur athygli að sagt er um barnið: „Vér tókum það nú inn í söfnuð Krists.“¹⁴²

Bænarávarpið nýja hljóðar svo: „Algóður Guð blessi þig og leiði, svo að þú verðir um tíma og eilífið hans ástfólgið barn, sem hann hefir velþóknun á. Amen.“ Til vara mátti nota annað bænarávarp, byggt á *HB 1910* sem prentað var neðanmáls. Í öllu skírarritúalinu er það eingöngu í bænarávarpinu neðanmáls og trúarjátningunni sem orðið „synd“ kemur fyrir og þá í bæði skiptin sem „fyrirgefning syndanna“.¹⁴³

Í *HB 1934* eru þau nýmæli að finna að í fyrsta sinn fékk drottinleg blessun fastan sess í forminu, milli Faðir vor og ávarps til guðfeðgina, en var þó beint að skírnbarninu en ekki söfnuði. Síðastnefndu ávarpi er nú líka beint til aðstandenda barnsins. Fræðsluhlutverkið, „að kenna [barninu] að halda það, sem drottinn hefur boðið“, er kynnt sem sameiginlegt hlutverk guðfeðgina, heimilis og safnaðar. Áherslan er lögð á að guðfeðgin og aðstandendur styðji það með „kærleika og fyrirbænum til að lifa í samfélagi við Krist“.¹⁴⁴

¹³⁹ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 287.

¹⁴⁰ *HB 1934*, bls. 109–110.

¹⁴¹ Sama rit, bls. 110–112.

¹⁴² Sama rit, bls. 110–112.

¹⁴³ Sama rit, bls. 112–113.

¹⁴⁴ Sama rit, bls. 114.

Áherslan á synd og hjálpræðisverk Krists sem forsendu fyrir sáluhjálp sameinaði andstæðinga frjálslýndu guðfræðinnar.¹⁴⁵ Það er því ekki að undra að þessir þættir séu hreinsaðir úr skírnarritúalinu þegar biskup og margir þungavigtarmenn í nefndunum sem unnu að handbókinni voru merkisberar frjálslýndu guðfræðinnar. Það útskýrir og hvers vegna ekki er vikið að miðlun náðar Guðs og hjálpræðis fyrir skírnina. Það er líka þess vegna að trúarjátningin og í raun áherslan á endurfæðingu kemur eingöngu fyrir sem minni úreltra hefða. Fjarvera hinna hefðbundnu áhersluatriða skapar tómarúm sem fyllt er með því að túlka skírnina sem fyrst og fremst inngönguathöfn í kirkjuna og bænastund um blessun og vernd handa hinu nýfædda barni.

Nýréttrúnaður tuttugustu aldar og litúrgísk vakning

Staða frjálslýndu guðfræðinnar var ráðandi í þjóðkirkjunni fram yfir miðbik síðustu aldar. Þó voru um hana átök. Náskyldu leikmannasamtökin tvennu, KFUM og Kristniboðssambandið, og prestar og guðfræðingar tengdir þeim voru helstu gagnrýnendur stefnunnar.¹⁴⁶ En gagnrýni kom ekki aðeins úr þeirri átt. Sigurbjörn Einarsson (1911–2008) kynntist nýjum viðhorfum í guðfræði á námsárum sínum í Uppsölum í Svíþjóð og sótti síðar fyrirlestra hjá Karl Barth (1886–1968) í Baselháskóla í Sviss. Barth var einn helsti talsmaður hinnar díalektísku guðfræði sem einnig hefur verið kölluð nýréttrúnaður (e. *neoorthodoxy*). Stefna þessi hafði mótast sem andsvar við því að sjá frjálslýnda guðfræðinga og kirkjuleiðtoga í Þýskalandi verða ginnkeypta fyrir nasisma. Svar díalektísku guðfræðinnar við þessari reynslu var að finna fótfestu í játningu kirkjunnar og opinberun Guðs. Sigurbjörn Einarsson kynnti þessi viðhorf á Íslandi öðrum framfar. Hann varð dósent árið 1943, prófessor 1948 og var biskup Íslands árið 1959 til 1981.¹⁴⁷

Árið 1981 var núgildandi handbók gefin út, *Handbók íslensku kirkjunnar*.¹⁴⁸ Vinna við hana hófst 1966 þegar kirkjuþing samþykkti, að frumkvæði biskups, að hefja endurskoðun á *HB 1934*. Samhljómur var um að þörf væri á því og valdi þingið tvo leikmenn í nefndina, auk tveggja varamanna. Aðalmenn voru Björn Magnússon prófessor (1904–1997) og Þórður Möller læknir (1917–1975). Sigurbjörn var sjálfkjörinn formaður hennar.¹⁴⁹ Prestastefna 1967 fékk síðan það hlutverk að velja tvo aðalmenn og tvo varamenn í hana. Þeir aðalmenn voru Jón Auðuns (1905–1981) og Garðar Þorsteinsson (1906–1979) og varamenn Guðmundur Þorsteinsson (f. 1930) og Ólafur Skúlason (1929–2008).¹⁵⁰

Aldrei spurðist neitt um vinnu þessarar nefndar en til tíðinda dró þegar Sigurbjörn lagði fram drög að handbók á prestastefnu 1976 sem hann hafði tekið

¹⁴⁵ Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, *Til móts við nútímann*, bls. 229.

¹⁴⁶ Sama rit, bls. 226–229.

¹⁴⁷ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensku kirkjusaga*, bls. 282 o.á.; Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, *Til móts við nútímann*, bls. 366–368; Sigurður A. Magnússon, *Sigurbjörn biskup*, Akureyri: Tindur, 2008, bls. 124–125, 202.

¹⁴⁸ [Án höfundar], *Handbók íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju, 1981, bls. 111. (Hér eftir stýtt í *HB 1981*.)

¹⁴⁹ Bókasafn biskupsstofu, Gerðir kirkjuþings 1966, 10. mál, (án blaðsíðutals), sótt 24. nóvember 2024 af <https://timarit.is/page/6476451>.

¹⁵⁰ [Án höfundar], „Prestastefna Íslands“, *Kirkjuritið* 6–7/1967, bls. 13, sótt 23. nóvember 2024 af <https://timarit.is/page/4743937>.

saman sjálfur. Þetta var gert með vitund eftirlifandi nefndarmanna, án þess þó þeir hefðu fengið að taka afstöðu til tillögunnar.¹⁵¹ Drögin fengu góðar móttökur og fól næsta kirkjuþing (1978) kirkjuráði að sjá til þess að fullbúin tillaga lægi fyrir kirkjuþingi 1980. Kirkjuráð skipaði handbókarnefnd 1979 og í henni sátu prestarnir Arngrímur Jónsson (1923–2014), Einar Sigurbjörnsson (1944–2019), Gunnar Björnsson (f. 1944), Kristján Valur Ingólfsson (f. 1947), Ólafur Skúlason, Sigurður Sigurðarson (1944–2010), Örn Friðriksson (1927–2016) og Eiríkur J. Eiríksson (1911–1987), auk organistanna Gústafs Jóhannessonar (1933–2008), Hauks Guðlaugssonar (1931–2024) og Jóns Stefánssonar (1946–2016). Nefndin lagði frumvarp til nýrrar handbókar fyrir prestastefnu 1980 og kirkjuþing sama ár sem samþykkti frumvarpið. Hin nýja handbók kom loks út 1981.¹⁵²

Formaður handbókarnefndarinnar frá 1979 var Einar Sigurbjörnsson og ritari Arngrímur Jónsson.¹⁵³ Voru báðir vel kunnugir hinni litúrgísku hreyfingu á meginlandinu og á það vafalaust við um flesta nefndarmenn, ef ekki alla. Biskup hafði sjálfur haft jákvæð persónuleg kynni af hreyfingunni veturinn 1935–1936, líklega fyrstur Íslendinga, þegar hann var við nám í Uppsölum. Á þeim árum tók hreyfingin sín allra fyrstu skref á sænskri grundu.¹⁵⁴

Litúrgíska hreyfingin setti mark sitt á tuttugustu öldina meðal mótmælenda og rómversk-kaþólskra og óx henni ásmegin eftir því sem leið á öldina. Fylgismenn stefnunnar sóttust eftir endurnýjun í helgisiðum með því að sækja innblástur í helgisiði eldri siðbótartímanum, allt aftur til fornkirkjunnar. Þeir lögðu áherslu á bæn, tilbeiðslu og þátttöku safnaðarins í guðsþjónustunni og á guðsþjónustuna og altarisakramentið sem lífæðar kirkju og safnaðar.¹⁵⁵

Skírnarritúal *HB 1981* er undir áhrifum frá litúrgísku hreyfingunni en á engu að síður rætur sínar í *HB 1934*. Áhrifin frá litúrgísku hreyfingunni komu fram í því að margar af þeim fjölmörgu breytingum sem gerðar voru miðuðu að því að færa skírnarritúalið nær sígildri gerð. Það birtist m.a. í að horfið var til baka til hins hefðbundna skírnarformála, „Ég skíri þig í nafni föður, sonar og heilags anda“, helgunarbæn skírnarvatns er fenginn staður og skírnarbænin, byggð á Matt 7.7, kemur inn á ný sem valkostur eftir að hafa verið felld niður í *HB 1934*.¹⁵⁶

HB 1981 inniheldur tvö form fyrir skírn. Annars vegar er sérstakt form fyrir skírnarguðsþjónustu, „B. Skírnarguðsþjónusta“, á heimili eða í kirkju. Þar lýkur athöfninni með fyrirbæn (við altari), Faðir vor, drottinlegri blessun og skírnarsálmí.¹⁵⁷ Hins vegar er þar líka einfaldara form þegar skírt er í almennri guðsþjónustu, „A. Almenn skírn“. Þetta form má líka nota í heimahúsum en er ekki

¹⁵¹ Sigurður Pálsson, „Um Handbók fyrir presta og söfnuði“, *Kirkjuritið* 4/1976, bls. 258–261, hér 258.

¹⁵² Einar Sigurbjörnsson, „Helgisiðir (frá 1945)“, Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, *Til móts við nútímann*, bls. 334–341, hér 340.

¹⁵³ Einar Sigurbjörnsson, „Helgisiðir (frá 1945)“, bls. 340.

¹⁵⁴ Sigurður A. Magnússon, *Sigurbjörn biskup*, bls. 109.

¹⁵⁵ Einar Sigurbjörnsson, „Helgisiðir (frá 1945)“, bls. 338–339.

¹⁵⁶ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 289–291; [Án höfundar], *Handbók íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju, 1981, bls. 111.

¹⁵⁷ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 291.

hugsað til notkunar í sjálfstæðri skírnarguðsþjónustu í kirkju. Form þetta gerir hvorki ráð fyrir hugleiðingu né fyrirbæn annarri en Faðir vor.¹⁵⁸

Í upphafsávarpinu í *HB 1981* er notast við sömu ritningarstaði og í *HB 1934* en öðru efni sem er að finna í ávarpi fyrri handbókar er sleppt. Vísað er til Jóh 14.6 án þess að hróflað sé við versinu: „Jesús Kristur er vegurinn, sannleikurinn og lífið“ í stað orðalagsins í *HB 1934*: „Jesús Kristur er oss vegurinn, sannleikurinn og lífið.“ Lýkur ávarpinu með því að segja: „[Jesús Kristur] tekur oss að sér í heilagri skírn, að vér verðum hans eign og börn vors himneska föður í eilífu ríki hans.“ Áherslan á að skírnin geri skírnarþegann að eign Jesú Krists er ný samanborið við fyrri handbækur á Íslandi. Þar að auki kemur aftur fram sú sannfæring að skírnin geri barnið að barni Guðs en það var ekki í upphafsávarpinu í *HB 1934* og er ekki jafnaugljóst í upphafsávarpi neinnar handbókar að *GGB 1594* frátalinni.¹⁵⁹

Möguleikinn á að hafa hugleiðingu „um skírnina og gagn hennar og um hlutverk guðfeðgina“¹⁶⁰ er nýr. Það gefur prestinum tækifæri á að skerpa á áherslum sem annars koma beint, óbeint eða alls ekki fram í ávörpum og bænum athafnarinnar. Þetta á þó helst við þegar ekki er skírt í almennri guðsþjónustu, en þá getur prédikunin haft þetta hlutverk.

Önnur nýmæli eru þau að presti gefst nú kostur á að velja á milli þriggja skírnarbæna og þriggja bæna með handayfirlagningu. Í fyrstu bæninni, (a), er lagt út af Matt 7.7 og byggist á hinni sígildu bæn úr *TB 1526* og sem Lúther þýddi úr því rómverska skírnarrítuali sem hann þekkti og byggði skírnarkver sitt á. Bæn þessi er því sem næst í heild sinni í öllum íslenskum handbókum nema í *HB 1934*.

Annar valkosturinn, (b), er að hluta þakkarbæn fyrir barnið og er hún sænsk að uppruna.¹⁶¹ Fyrir utan þakkargjörð er Guð beðinn að veita barninu „fyrirheit skírnarinnar“ og „heilagan anda, að hann vekji og glæði allt gott, sem [Guð] hefur fólgið í sálu þess.“¹⁶² Þriðji valkosturinn, (c), er bæn eftir Sigurbjörn Einarsson þar sem skýrast er lagður áhersluþungi á skírnina sem endurfæðingu:

Almáttugi Guð, eilífi faðir. Veit þessu barni blessun þína og **eilífa lífgjöf** við þessa skírnarlaug, sem helgast af orði þínu og fyrirheitum. Lauga það lífsins vatni þínu, að sála þess verði skír, **fæðist að nýju til lífs í þér**, íklæðist Kristi og dafni til hjálpræðis í heilagri kirkju þinni fyrir heilagan anda þinn. Lát þetta barn og öll þín börn stöðug standa í þinni skírnarnád og fá að lyktum að birtast fyrir augliti þínu í skírurum skrúða réttlætis þíns í Kristi Jesú, Drottni vorum. [Áhersla höf.]¹⁶³

Í fyrsta sinn, frá a.m.k. síðbreytingu, er prestum á Íslandi gert að helga skírnarvatnið með ákalli¹⁶⁴ um heilagan anda ásamt krossmarki yfir vatninu: „Send anda

¹⁵⁸ *HB 1981*, bls. 107–113.

¹⁵⁹ Sama rit, bls. 107–108.

¹⁶⁰ Sama rit, bls. 115.

¹⁶¹ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 288–289.

¹⁶² *HB 1981*, bls. 109.

¹⁶³ Sama stað; Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 288–289.

¹⁶⁴ Eru þetta áhrif frá Austurkirkjunni sem koma með helgisíðaendurnýjun litúrgísku hreyfingarinnar inn í *HB 1981* og endurspeglast í fyrstu og fjórðu „þakkarbæn“ í tengslum við máltíð Drottins. Sjá: Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. bls. 256

þinn yfir þessa skírnarlaug svo sem í upphafi, er þú skapaðir ljósið og lífið með orði þínu og andi þinn sveif yfir vötnunum.¹⁶⁵

Ekki var hreyft við staðsetningu spurningarinnar um nafn sem er síðan 1910 beint á undan skírinninni sjálfri en prestur er gert mögulegt að spyrja „Hvert er nafn barnsins?“ í stað „Hvað á barnið að heita?“ Með fyrri spurningunni er áréttað að ekki er um nafngjöf að ræða. Í þessu sambandi kemur það í fyrsta sinn fyrir að nafnið fær aukið hlutverk með því að prestur biður í framhaldinu: „Drottinn Guð, faðir vor, þú kallar oss með nafni og gleymir oss aldrei. Rita þú nafn þessa barns, N, í lífsins bók og lát hann/hana aldrei villast frá þér.“¹⁶⁶ Það vekur furðu að þessi liður hefur í handbókinni fyrirsögnina „Skírnarspurningin“ sem í raun vísar frekar til spurningarinnar í *HB 1869* og eldri handbókum: „Vilt þú [...] verða skírður?“

Boðið er upp á val milli þriggja bænarávarpa með handayfirlagningu. Hið fyrsta, (a), er byggt á ávarpi í *HB 1910* og *HB 1826*. Fullyrt er að barnið sé endurfætt fyrir vatn (*HB 1826* og eldri) og heilagan anda (*HB 1910* og eldri). Auk þess er talað um að barnið sé nú tekið „inn í ríki [Guðs] elskulega sonar“ í stað „samfélags [Guðs] elskulega sonar“ (*HB 1910* og *HB 1869*). Frá *HB 1869* hafði verið sagt að skírinn hefði nú „veitt [...] fyrirgefningu syndanna“ og bauð orðalagið upp á túlkun sem *HB 1981* gerði ljósa: „[Guð hefur] tekið þig í ríki síns elskaða sonar, þar sem er fyrirgefning syndanna [áhersla höf.], líf og sáluhjálp“. Hér er því ekki jafnskýrt kveðið að orði eins og í *HB 1826* og eldri handbókum, þar sem segir: „[Guð hefur með skírinnni] allar þínar syndir fyrirgefið.“¹⁶⁷

Í öðrum og þriðja valkostinum er öllu tali um að skírinn hafi endurfætt barnið sleppt. Í þriðja (c) valkostinum er eldra orðalagi um inntöku í samfélag Guðs sonar haldið. Annar (b) valkosturinn er í raun bara niðurlagsorð bænarávarpsins sem notast hefur verið við síðan *ME 1555* og er að finna í skírmarkverum Lúthers þar sem segir: „[Almáttugur Guð faðir] styrki þig með sinni náð til eilífs lífs.“¹⁶⁸

Skírnarritúalinu lýkur með nýju ávarpi, ekki til guðfedgina, heldur til aðstandenda og safnaðar. Gengið er út frá því að allir viðstaddir séu nú vottar skírnarinnar en það var eitt af formlegum hlutverkum guðfedgina áður fyrr. „Ástvinir“ barnsins eru ávarpaðir sérstaklega og áminntir um að þeir beri ábyrgð á að ala barnið upp „í ljósi fyrirheitis skírnarinnar, kenna því að elska Guð, tilbiðja hann, varðveita orð hans og sakramenti og þjóna náunganum í kærleika.“¹⁶⁹ Valkvæð er í þessu samhengi sú nýjung að kveikja á skírmarkerti og afhenda það foreldrum með uppörvun til bænar með eða fyrir barninu og bænar yfirleitt.¹⁷⁰ Er með

¹⁶⁵ Arngrímur Jónsson telur að ekki eigi að líta á syndaflóðsbæn Lúthers sem helgunarbæn skírnavatnsins þótt hún sé arftaki slíkra bæna og byggist á efni þeirra, eins og Einar Sigurbjörnsson bendir á. Sá síðarnefndi virðist álíta bænina vera bæn yfir vatninu (*Embattisgjörð*, bls. 284). Syndaflóðsbænin inniheldur þó ekki bæn um helgun/ blessun vatnsins né er heilgur andi ákallaður yfir vatnið og ekkert krossmark er gert. Sjá: *ME 1555*, bls. 60–61; Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi*, bls. 312; Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 282–289.

¹⁶⁶ *HB 1981*, bls. 111.

¹⁶⁷ Sama rit, bls. 111–112.

¹⁶⁸ Þýðing Marteins Einarssonar á *TB 1526* í *ME 1555*, bls. 62. Sjá einnig: *HB 1981*, bls. 111–112.

¹⁶⁹ Sama rit, bls. 113.

¹⁷⁰ Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, bls. 289–291.

Þessu heimfærður síður frá *TB 1523* sem endurspeglar sömu hefð í kirkju fornaldar og miðalda.

Nær ekkert er sagt um synd í *HB 1981* heldur er það, líkt og í *HB 1934*, bara í trúarjátningunni og valkvæðu bænarávarpi þar sem orðið „synd“ kemur fyrir og þá í bæði skiptin í orðasambandinu „fyrirgefning syndanna“. Í *HB 1981* segir ekkert um erfðasynd eða tengsl syndar, dauða og fordæmingar. Þó glittir, líkt og í *HB 1934*, í möguleika glötunarinnar með notkun Jóh 3.16: „til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki, heldur hafi eilíft líf“.

Í *HB 1981* er, samanborið við *HB 1934*, mun sterkari áhersla á skírn sem endurfæðing vegna nýju skírnarbænanna en samanborið við eldri handbækur vantar í *HB 1981* áhersluna á samband skírnar við afneitun hins illa og játningu trúar, þ.e. samband skírnar við líf hins skírða. Sú áhersla var síðast greinileg með skírnarspurningunni og ávarpi um skírnarsáttmálann í *HB 1869*.

Flestar breytingar í *HB 1981* má rekja til áhrifa litúrgísku hreyfingarinnar og þær valda því að áherslan á skírn sem endurfæðing getur komið betur í ljós en í *HB 1934* sé notast viðeigandi valkosti. Val á öðrum valkostum getur aftur á móti dregið úr áherslunni. Skapar handbókin þannig ákveðið rými fyrir ólíkar áherslur. Það er óhætt að segja að stigið sé varlega til jarðar í endurskoðuninni á *HB 1934* því að umfjöllun um synd/erfðasynd, veruleika hins illa og samband skírnar og lífs (skírnarsáttmáli) birtist ekki í *HB 1981*. Segja má að nýréttrúnaðurinn komi best í ljóst í breyttum áherslum í upphafsávarpinu þótt endurnýjun sígildra atriða í skírnarritúalinu styrki vissulega heildaráhrif nýréttrúnaðarins á ritúalið.

Niðurstöður

A. Breytingar á formi

Þegar horft er til guðspjónustuforma íslenskra handbóka og þau borin saman má fyrst af öllu sjá að þau hafa í meginráttum styst og einfaldast frá 1555 til 1934. Fyrst með *HB 1981* rofnar þessi þróun þegar bætt er við formið nýjum liðum úr sígildri hefð skírnarritúalsins sem nær aftur til fornkirkjunnar: helgunarbæn yfir skírnarvatni, skírnarbæn byggða á Matt 7.7 og tendrun skírnarljóss. Auk þess er hinn hefðbundni skírnarformáli tekinn upp á ný en tendrun skírnarljóss hafði ekki komið fyrir áður í lútherskum sið á Íslandi. Þessa endurupptöku sígildra liða í *HB 1981* má rekja til áhrifa frá litúrgísku hreyfingunni á tuttugustu öld.

Fyrstu liðirnir sem felldir eru niður úr lútherska skírnarritúalinu á Íslandi eru ífærsla skírnarklæðisins, særingarnar og syndaflóðsbæn Lúthers, sem allt fellur brott með *HB 1826*, og raunar árið 1783 að boði konungs. Afnám særingarinnar gerist fyrir áhrif frá upplýsingu og heittrúarstefnu og sameiginlegri áherslu þeirra á baráttu gegn hjátrú og hindurvítum. Það var með þeim augum sem fylgismenn þeirra litu særingarathöfnina. Þrátt fyrir brottfall særinga þá er afneitun djöfulsins í spurnarformi haldið inni í *HB 1826*. Birtir það þann skilning að djöfullinn og hirð hans voru ekki talin til hjátrúar.

Í *HB 1869* eru spurningarnar um afneitun djöfulsins og játningu trúarinnar felldar inn í ávarp prestsins um það sem felst í skírnarsáttmálanum: „En skírnarinnar helgi sáttmáli er fölginn í því að þú afneitir djöflinum ..., að þú trúir á guð föður ...“.¹⁷¹ Orðið skírnarsáttmáli hafði ekki komið fyrir áður í skírnarritúali handbókanna en spurningarnar höfðu tjáð óbeint að skírn væri innganga í sáttmála sem tæki til lífs hins skírða.

Með *HB 1910* er hætt að spyrja spurninganna um afneitun á djöflinum, játningu trúar og vilja til skírnar. Þess í stað fer prestur með postullegu trúarjátninguna eftir að hafa sagt: „Heyrum nú játning trúar vorrar, sem barnið á að skírast til“.¹⁷² Spurningin um vilja til skírnar (skírnarspurningin) hefur ekki átt afturkvæmt né spurningar um afneitun djöfuls og játningu trúarinnar.

Þegar allar spurningarnar sem guðfeðgin höfðu um aldir svarað í umboði barnsins hverfa í *HB 1910* hverfa líka aldagömul ummerki um skírn sem sáttmála. Þegar spurningarnar um afneitun djöfulsins eru felldar niður hefur það í för með sér að djöfullinn er þurrkaður út úr ritúalinu og ekki hefur til hans spurst síðar á þessum vettvangi. Upp frá þessu er ekki vísað til hins illa sem veruleika utan við manninn með nokkru móti í skírnarritúali þjóðkirkjunnar.

Brottfall afneitunarinnar er birtingarmynd áhrifa frá skynsemishyggju nítjándu aldar sem ekki viðurkenndi trúarsetningar aðrar en þær sem taldar voru samrýmst mannlegri skynsemi. Burthvarf spurninga sem guðfeðgin áttu að svara fyrir hönd skírnar barnsins leiðir í ljós áhrif frá nýjum hugmyndum um trú- og einstaklingsfrelsi í lok nítjándu aldar.

Í gegnum tíðina tekur ávarpið til guðfeðgina nokkrum breytingum og smám saman er dregið úr fræðsluskyldu þeirra í takti við breytta tíma. Í *ME 1555* hafa guðfeðgin fræðsluskyldu ef foreldrar falla frá á meðan barnið er ófullveðja. Auk þess skulu þau hvetja foreldrana í fræðsluhlutverki sínu. Í *GGP 1594* er hið sama uppi á teningnum nema hvað í fyrsta sinn er talað um að hlutverk guðfeðgina sé að vera vitni að skírninni og að fræðsluskyldan gildi bara á meðan guðfeðginin eru búsett nálægt barninu.¹⁷³

Hlutverk guðfeðgina er endurskilgreint með alveg nýju ávarpi í *HB 1910* sem segir að guðfeðgin taki á móti barninu í kirkjuna fyrir hönd safnaðarins.¹⁷⁴ Guðfeðginum beri að biðja fyrir barninu og, ásamt söfnuðinum öllum, annast um að barnið haldi sig við Krist í gegnum uppvöxtinn. Ávarpið í *HB 1910* er síðasta eiginlega ávarp til guðfeðgina því að í *HB 1934* er í stað þess sameiginlegt ávarp til aðstandenda og guðfeðgina. Í því er talað á sömu nótum en áhersla er lögð á að aðstandendur, guðfeðgin, heimili og söfnuður skuli styðja barnið með kærleika og fyrirbæn.

Í *HB 1981* er ekki ávarp til guðfeðgina heldur ávarp til allra viðstaddra. Guðfeðgin eru ekki nefnd sérstaklega og talað er um að hinir viðstöddu séu vitni að skírninni. Í ávarpinu er orðum sérstaklega beint til ástvina barnsins og þau minnt á ábyrgð sína að veita barninu kristið trúaruppeldi.

¹⁷¹ *HB 1869*, bls. 127.

¹⁷² *HB 1910*, bls. 81.

¹⁷³ *GGP 1594*, bls. [237].

¹⁷⁴ *HB 1910*, bls. 82.

Nokkrir liðir hafa verið með frá siðbreytingu og eru líka í skírnarkverum Lúthers og í hinu rómverska skírnarritúali sem Lúther byggir ritúal sitt á og þýðir að hluta. Þessir liðir eru fornir að uppruna en hafa þó ekki alltaf haft sama stað í skírnarritúalinu. Um er að ræða eftirfarandi atriði:

- Skírnarskipun Matt 28.18–20.
- Barnaguðspjall Markúsar, Mrk 10:13–16.
- Orðin sem byggjast á Slm 121.8 og fyrst tengdust göngunni að skírnarsánum.
- Faðir vor, alltaf með handayfirlagningu nema í *HB 1981*.
- Skírnarformálinn, sem hróflað var við 1910 og 1934.
- Bænarávarp með handayfirlagningu, ekki alltaf eins að innihaldi.
- Signing á enni og brjóst, þótt samhengi hennar hafi fyrst verið særing en seinna orðið tákni um að skírnarþegi eigi að trúna, eða helgast fyrir trúna, á Jesú Krist.
- Skírnarbæn, ekki alltaf eins að innihaldi.

Nokkur dæmi eru um nýsköpun í skírnarritúali handbókanna. Upphafsaávarp kemur fyrst inn með *GGÐ 1594* og hefur haldist allar götur síðan þótt innihald þess hafi ekki alltaf verið eins. Í sömu handbók kemur spurningin um nafn skírnarþegans eftir upphafsávarpið. Spurningin um nafn skírnarþegans færirst í *HB 1826* að skírnarsánum og nær vatnsathöfninni. Í *HB 1934* kemur spurningin um nafnið síðan beint á undan skírninni sjálfri. Þannig stuðlaði kirkjan sjálf að því að mynda enn sterkari hugrenningatengsl milli skírnar og nafngjafar hjá íslenskum almenningi. Í *HB 1981* er gerð tilraun til þess að setja nafngjöfina í trúarlegt samhengi með handayfirlagningu og bæn um að nafnið verði ritað í lífsins bók.

Aðrar stærri nýjungar sem bætast við og haldast eru hin drottinlega blessun, valkvæð í *HB 1869* en fastur liður frá útgáfu *HB 1934*, og fastur staður skírnarsálma í upphafi og í lok ritúalsins frá *HB 1910*. Síðast en ekki síst koma inn með *HB 1981* helgunarbæn skírnarvatnsins, þar sem heilagur andi er ákallaður yfir vatnið, og tendrun skírnarljóssins. Hvort tveggja eru nýjungar í lúthersku skírnarritúali á Íslandi en eiga sér eldri rætur úr fornkirkjulegri hefð.

Dæmi eru um að atriði sem hafa verið felld niður hafi seinna verið tekin upp aftur. Þetta á við um skírnarbænina sem hefur fornar rætur og byggist á Matt 7.7: „Biðjið og yður mun gefast...“. Hana var ekki að finna í *HB 1934* en kom inn á ný sem valkostur með *HB 1981*. Sama máli gegnir um hið hefðbundna orðalag skírnarformálans „Ég skíri þig í nafni ...“ sem kom til baka með *HB 1981* eftir að hafa verið skipt út fyrir „Ég skíri þig til nafns ...“ í *HB 1910* og *HB 1934*. Sömu sögu má segja um endurnýjaða áherslu á að skírnin valdi breytingum í sambandi Guðs og manns eins og kemur fram á ný í upphafsávarpi *HB 1981*: „[Jesús Kristus] tekur oss að sér í heilagri skírn, að vér verðum eign hans og börn vors himneska föður í eilífu ríki hans.“ Þessi áhersla er ekki til staðar í *HB 1934* og kemur aðeins ógreinilega í ljós í *HB 1826*, *HB 1869* og *HB 1910*. Áherslan í *HB 1981* á að skírnarþeginn verði fyrir skírnina barn Guðs kemur í raun síðast greinilega í ljós í upphafsávarpinu í *GGÐ 1594*, þar sem segir: „Í

skírinni, fyrir orðið, verðum vér Guðs elskulig börn, og lifandi bústaður og musteri hins Helga Anda.“¹⁷⁵

B. Guðfræðileg þróun

Þróun skírnarrítúalsins helst í hendur við þróun guðfræðinnar sem iðkuð er í kirkjunni. Í rúmar tvær aldir (1555–1783) er skírnarrítualið í fullu samræmi við það ritúal sem Lúther gaf út endurskoðað 1526. Það er grunnur að handbók Marteins Einarssonar, 1555, og Grallaranum, 1594, og er í gildi í öllum meginatriðum frá því skömmu eftir lögformleg siðaskipti á Íslandi og allt tímabil lútherska rétttrúnaðarins fram til loka átjándu aldar. Áhrif upplýsingar og heittrúarstefnu byrja að segja til sín á Íslandi eftir miðbik átjándu aldar og fyrstu merki um áhrif nýrra hugmyndastrauma á skírnarrítualið má greina í burtfellingu særingarinnar með konungsboði 1783 og í handbókinni frá 1826. Virðist særingin hafa verið flokkuð sem hindurviti og því fjarlægð en ekki vegna vantrúar á tilvist illra afla og erfðasyndar. Það sést best á að afneitun djöfulsins heldur sér.

Um leið og særingin er felld niður er nýtt upphafsávarp kynnt til sögunnar þar sem lögð er áhersla á alvöru erfðasyndar og hjálpræðið í Kristi. Upplýsingarguðfræði sú sem íslenskir guðfræðingar kynntust í Hafnarháskóla var íhaldssöm og sein til að hafa frekari áhrif á skírnarrítualið. Litlar breytingar verða með handbókinni frá 1869 enda var sú endurskoðun gerð að frumkvæði Péturs biskups Péturssonar sem aðhylltist hina dönsku nýrétttrúnaðarstefnu níttjándu aldar, sem var og stefna J.P. Mynsters Sjálandsbiskups, en skírnarrítúal handbókarinnar er nær orðrétt þýðing á skírnarrítúalinu sem Mynster tók saman.

Það er ekki fyrr en með helgisíðabókinni 1910 sem vaxandi áhrif upplýsingar og skynsemishyggju valda því að afneitun djöfulsins er loks felld burt. Samtímis hverfa allar spurningar sem guðfeðgin áttu að svara fyrir hönd skírnar barnsins og öll merki um skírnarsáttmála þar af leiðandi. Munu það vera áhrif frá upplýsingu og trúfrelsisumræðu áratuganna á undan. Áfram er fjallað um erfðasynd í upphafsávarpinu þótt orðalagið sé mildað og vísað sé til reynslunnar sem heimildar.

Um það leyti sem handbókin 1910 kemur út hefst ör útbreiðsla frjálslyndrar guðfræði í þjóðkirkjunni fyrir tilstilli Jóns Helgasonar og Haraldar Níelssonar, að öðrum ótöldum. Þessi nýja guðfræði setur svip sinn á skírnarrítúal handbókarinnar 1934 sem kom út eftir að Jón Helgason var orðinn biskup. Umfjöllun um erfðasynd er felld niður með nýju upphafsávarpi og umræða um endurfæðingu er með minnsta mögulega móti. Þess í stað er lögð áhersla á skírn sem inngöngu í kirkjuna og sem fyrirbænar- og blessunarathöfn.

Ný viðhorf í guðfræði breiddust út í kirkjunni eftir því sem leið á tuttugustu öldina og skákuðu áhrifum frjálslyndu guðfræðinnar. Gegndi Sigurbjörn Einarsson biskup lykilhlutverki í þeirri þróun með því að vera forgöngumaður nýrétttrúnaðar tuttugustu aldar og stefnu litúrgísku hreyfingarinnar. Núgildandi handbók er að stórum hluta hans verk og fullgerð af nefndarmönnum í handbókarnefnd sem flestir, ef ekki allir, voru undir áhrifum síðastnefndu stefnunnar.

¹⁷⁵ *GGB 1594*, bls. [232].

Þessir guðfræðistraumar urðu valdur að því að skýrari áhersla var á ný lögð á hið sígilda í guðfræði og formi skírnarathafnarinnar: skírn sem endurfæðing og miðlun Guðs gjafa til hjálpræðis hinum skírða.

Lokaorð

Með umfjölluninni í grein þessari hefur verið varpað ljósi á þróunarsögu skírnarrítúalsins í lútherskum helgisiðabókum á Íslandi og sýnt hvernig breytingarnar standa í sambandi við áherslur í guðfræði hvers tíma. Þótt margt í skírnarrítúalinu hafi breyst þá hafa allar handbækurnar talað um skírn sem endurfæðingu. Þar að auki er í núgildandi handbók frá 1981 lögð áhersla á að skírnin miðli stórkostlegum gjöfum frá Guði, geri skírnarþegann að eign Jesú Krists og að barni Guðs föður. Það væri til bóta, að mati greinarhöfundar, að framsetning skírnar á vefsvæði þjóðkirkjunnar, sem vikið var að í aðfaraorðum, væri endurskoðuð og færð til samræmis við handbók kirkjunnar. Núverandi framsetning á heimasíðu þjóðkirkjunnar kemur ekki heim og saman við skírnarrítúal núgildandi handbókar, né neinnar fyrri handbókar.

Árið 2004 hófst vinna við endurskoðun á handbók þjóðkirkjunnar og var um tíma stefnt að útgáfu hennar síðbótarárið 2017. Ekki hefur fullbúin tillaga verið lögð fyrir prestastefnu né kirkjuþing þegar þetta er skrifað en handbókarnefnd starfar og hefur m.a. haft skírnarrítúalið til umfjöllunar núliðið haust (2024). Fróðlegt verður að sjá hver næstu skref verða í sögu skírnarrítúals þjóðkirkjunnar. Gefur stefnubreyting *HB 1981* tóninn fyrir nýja handbók eða verður horfið aftur til stefnu þeirrar sem *HB 1934* er fulltrúi fyrir? Eða mun ný handbók ef til vill bjóða upp á nokkrar mismunandi áherslur sem prestur getur valið á milli að samskipti fyrirmynd?

Skírnarrítúal hinna þjóðkirknanna á Norðurlöndunum og þróunarsaga þess er verðugt viðfangsefni til rannsókna. Í þessari grein hefur komið fram hvernig þróun guðfræði á Íslandi hefur haft áhrif á þróun skírnarrítúalsins. Í öðrum löndum hefur þróunin verið öðruvísi enda hafa guðfræðistraumar þróast á annan hátt og valdið mismunandi áhrifum á kirkjurnar. Þetta sést til að mynda á því að afneitun djöfulsins og spurningar til skírnar barns eru enn við lýði í dönsku þjóðkirkjunni og enn býðst prestum að biðja nokkurs konar særingarbæn (sæ. *befrielsebön*¹⁷⁶) í þeirri sænsku. Þjóðkirkja Íslands hefur til mikils að vinna ef hún horfir út fyrir landsteinana og dregur lærdóm af reynslu og sögu annarra kirkna, lútherskra sem og þeirra sem standa í hefð hinnar almennu postullegu kirkju. Ekki ein, heldur í samfélagi við aðrar kirkjur, getur hún best verið trú þeim kristna arfi sem henni er ætlað að miðla til næstu kynslóða.

¹⁷⁶ Bænin hefst svona: „Gud, du som ensam räddar från allt ont, befria NN från mörkrets makt ...“.